

SÚPA Í BRAUÐI
í hádeginu
alla virka daga



HAFNARSTRÆTI 7
SÍMI 456 3166

 +  +  = 

VEG-gisting
Aðalgötu 14 - 430 Suðureyri
Þjónustusími
456-6666




Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 30. júní 2004 · 26. tbl. · 21. árg.

Lifðum við sult og seyru

– Þórður Júlíusson útgerðarmaður á Ísafirði lítur yfir farinn veg.
Sjá miðopnu



Aldarafmæli Staðarkirkju í Aðalvík fagnað

Á annað hundrað manns í messuferð

Á annað hundrað manns mættu í messu og kirkjukaffi í Aðalvík á laugardag til að fagna aldarmæli Staðarkirkju. Sr. Magnús Erlingsson predikaði og fólk tók þátt í messunni af lífi og sál, að sögn Andreu

Harðardóttur, sagnfræðings og eins skipuleggjenda messuferðarinnar.

Að messu lokinni var boðið upp á kaffi í prestsetrinu og sýndar myndir frá gamalli tíð í Sléttuhreppi hinum forna.



Staðarkirkja í Aðalvík. Myndir: Gylfi Guðmundsson.



Boðið var upp á kaffi í prestsetrinu.

Kvöldinu lauk með dansleik í skólanum að Sæbóli. „Einhverjir fóru heim um kvöldmatarleytið en þó var líflegt á

dansleiknum og mikil gleði ríkjandi“, sagði Andrea.

Myndasýningin mun standa fram eftir sumri og sjá húseig-

endur í Aðalvík um að opna kirkjuna fyrir þá sem vilja skoða.

– thelma@bb.is



Afgreiðsla
Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-18
Sími 410 8119

 Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018


SAMKAUP

Opið:

Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21

SAMKAUP
...gæði og förelæsið!

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
- á milli landa

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

Tekinn með kannabisefni

Lögreglan á Ísafirði fann í síðustu viku 60 grömm af kannabisefnum í fórum 17 ára pilts sem var að koma með áætlunarflugi frá Reykjavík. Hann kvaðst hafa ætlað efnið til eigin neyslu og hefur nú verið sleppt lausum. Pilturinn hefur ekki áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamála en legið undir grun. Mál hans verður fljótlega sent lögreglustjóra til refsimeðferðar. Ekki er talið að fleiri tengist þessu fíkniefnamáli.

Með farþega í skottinu

Lögreglan á Ísafirði handtók á laugardagsmorgun, rétt rúmlega tvítugan karlmann í Fjarðarstræti sem grunaður er um að hafa ekið undir áhrifum áfengis. Þrír farþegar voru í bílnum en þegar lögreglumenn voru að ganga frá bílnum heyrðist bank úr farangursgeymslu bílsins. Í ljós komu tveir farþegar til viðbótar. Ökumaður hafði ætlað að aka þeim til síns heima eftir dansleik. Málið er enn í rannsókn en hugsanlegt er að ökumaðurinn eigi von á refsingu vegna hinna ólöglegu farþegaflutninga sem og ölvunarakstursins.

Drukknæði á Þingeyri

Eldri sjómaður drukknæði í höfninni á Þingeyri á þriðjudagskvöld í síðustu viku. Fyrstu athuganir bentu til þess að maðurinn hefði fallið í sjóinn eftir að hafa landað úr bát sínum samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á Ísafirði. Tilkynnt var um mann á floti í höfninni á Þingeyri laust fyrir kl. sjö um kvöldið. Lögreglan á Ísafirði sendi sjúkra- og lögreglubíl á staðinn auk þess sem ræstur var út sjúkrahúsið á Þingeyri. Menn á Þingeyri náðu manninum úr höfninni en lífgunartilraunir báru ekki árangur. Hinn látni hét Guðmundur Friðgeir Magnússon. Hann var 77 ára að aldri, ókvæntur og barnlaus og til heimilis á Þingeyri.

Útför Rafns Jónssonar

Útför Rafns Ragnars Jónssonar, tónlistarmanns frá Suðureyri, verður gerð frá Ísafjarðarkirkju, fimmtudaginn 8. júlí kl. 15:00. Minningarathöfn um Rafn verður í Fríkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 5. júlí kl. 15:00.



Sendinefndin leit við hjá Póls á mánudag. Unn í bð, Hákon Þorleifsson, Hörður Ingólfsson, Feng-Wei Lai, Guðrún Pétursdóttir, Halldór Halldórsson og Tung-Li Hung ásamt konum Lai og Hung.

Landshöfðingi Penghu-eyjanna í Tævan

Heimsækir Ísafjarðarbæ

Fulltrúar Penghu-eyjanna, sem einnig eru þekktar sem Pescadores, í Tævan eru í heimsókn í Ísafjarðarbæ. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, fór með íslenskri sendinefnd á vegum Háskóla Íslands í ferð til Tæ-

van árið 1999 og þá var undirritaður nokkurs konar vinnubæjarsamningur um menningarsamband milli Ísafjarðarbæjar og Penghu-eyjanna. Nú er Feng-Wei Lai, landshöfðingi Penghu-eyjanna og Tung-Li Hung, ferðamálastjóri, að

endurgjalda heimsóknina ásamt konum sínum og Dr. Guðrúnu Pétursdóttur, forstöðumanns Sjávarútvegsstofnunar HÍ, sem einnig var í íslensku sendinefndinni fyrir fimm árum. Penghu-eyjarnar eru 64 tals-

ins og eru út af strönd Tævan en þar búa um 90 þúsund manns. Í gildi er samstarfssamningur milli National Taiwan Ocean University, Sjávarútvegsstofnunar HÍ og Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins. Á undanförunum árum

hafa starfsmenn og stúdentar unnið að samstarfsverkefnum og sótt hverjir aðra heim. Á mánudag leit sendinefndin m.a. við hjá tæknifyrirtækinu Póls hf. á Ísafirði og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri. – *thelma@bb.is*



Nýja fjölbýlishúsið á Wardstúni.

Framkvæmdum við fjölbýlishúsið á Wardstúni að ljúka

Framkvæmdum við nýja fjölbýlishúsið á Wardstúni á Ísafirði fer nú að ljúka. Stefnt er að því að skila húsnæðinu af sér í næstu viku, að sögn Torfa Jóhannssonar, hjá

Ágústi og Flosa ehf. „Fyrsta hæðin verður fullbúin en önnur og þriðja foheldar og rúmlega það“, segir Torfi. Fjársýsla ríkisins hefur fest kaup á fyrstu hæðinni og

er hún ætluð til búsetu fyrir fatlaða einstaklinga. Auk þess er ein íbúð seld á hæðunum fyrir ofan. Torfi segir mikinn áhuga vera fyrir húsnæðinu og margir hafi komið að skoða.

Samkomulagsatriði er hvort íbúðunum sé skilað foheldum eða fullbúnum með innréttingum. Næsta verkefni fyrirtækisins er bygging íþróttahúss á Suðureyri. – *thelma@bb.is*

Endurbætur á Þorska-fjarðarheiði

Endurbætur eru nú að hefjast á hluta vegarins um Þorska-fjarðarheiði. Að sögn Jóns Harðar Elíassonar, rekstarstjóra Vegagerðarinnar á Hólmavík, verður 4-5 kílómetra kaflinn vegarins lagfærður líkt og gert var á síðasta ári. „Við erum að lagfæra veginn með því að koma fyrir ræsum þar sem mestu pollarnir eru í honum og vonumst til þess að ná um 4-5 kílómetra kafla í sumar“, sagði Jón. Vegarkafliinn sem nú er lagfærður er sunnan sæluhússins á heiðinni og að sauðfjárveikivarnarhlíðinu. Jón sagðist vonast til þess að ekki yrðu miklar tafir á umferð um heiðina við þessar framkvæmdir. – *hj@bb.is*

Elías forseti

Elías Jónatansson var endurkjörinn forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur í síðustu viku. Hlaut hann fimm atkvæði. Fyrsti varaforseti var kjörin Ragna J. Magnúsdóttir.

Sjötta sólstöðuganga JC fór á Folafót í blíðskaparveðri

Sólstöðuganga JC-Vestfjarða var haldin á laugardag og var gengið upp á Folafót í Ísafjarðardjúpi í blíðskaparveðri. Hópurinn, sem taldi á áttunda tuginn, lagði af stað klukkan átta um kvöldið og var ekki komið heim aftur fyrr en undir morgun. Leiðsögumaður í ferðinni var Barði Ingibjartsson, skipstjóri frá Hesti í Hestfirði, og var umtalað hve vel hann stæði sig í hlutverkinu, að sögn Sigríðar Sigþórsdóttur, formanns sólstöðugöngunefndar JC. Þegar göngumenn höfðu náð leiðarenda var tendraður varðeldur og sungið við gítarleik þar til haldið var aftur til Ísafjarðar. „Úr varð góð stemmning og gangan tókst í alla staði vel“, sagði Sigríður. Þetta er sjötta árið í röð sem JC-Vestfirðir standa fyrir sólstöðugöngu. Fyrstu fjögur árin var farið yfir



Göngumenn njóta kvöldsólarinnar uppi á Folafóti. Mynd: Grétar Sigurðsson.

Klofning frá Flateyri og yfir á Suðureyri en hundr-	að og tuttugu manns gengu á Kaldbak í fyrra.	Með sólstöðugöngunni lauk MN-hátíðinni sem	hefur staðið yfir í júní. – thelma@bb.is
---	--	--	--

Samstarf Menntaskólans á Ísafirði og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða

Hússtjórnarskóli í farvatninu?

Unnið hefur verið að undirbúningi að stofnun hússtjórnarskóla á vettvangi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Þetta kemur fram í ársskýrslu félagsins sem var lögð fyrir aðalfund fyrir skemmstu. Þar

segir að verkefnið sé þrífætt og hafi verið unnið í samvinnu við Menntaskólann á Ísafirði. Það felur í sér „formlegt nám á hússtjórnarbraut eða heimilishagfræðibraut yfir vetrartímann, aðstöðu fyrir lifandi

sýningu og námskeiðahald í tengslum við ferðaþjónustu yfir sumartímann og hugsanlegt safn þar sem munir sem tengjast hússtjórnarnámi yrðu til varðveislu og sýnis“. Verkefnið er á byrjunarstigi.

Sótt hefur verið um styrki en vilyrði hafa ekki fengist. Fram kemur að áfram verði unnið að verkefninu og leitað samvinnu við fleiri hagsmunaaðila m.a. samtök kvenna á Vestfjörðum, Ferðamálasamtök

Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða og fleiri. Eins og kunnugt er var Húsmæðraskólinn Ósk starfræktur með myndarbrag um áratugaskeið á síðustu öld en starfsemi hans lagðist af á 9. áratugnum.

Færeyskt punga-rokk í Sjallanum

Færeyska pungarokksveitin Týr lék fyrir vestfirska aðdáendur sína í Sjallanum á Ísafirði á sunnudagskvöld. Týr er í sumarhlómleikaferð og leikur á sex stöðum á Íslandi en Ísafjörður er sá fjórði í röðinni. Þetta er fyrsta ferð Týs til landsins síðan íslenski gítarleikarinn Ottó P. Arnarson gekk til liðs við hljómsveitina. Týr sló í gegn á Íslandi með laginu „Ormurin langi“ árið 2002 og seldist fyrsta plata þeirra þeirra, How Far to Asgaard, afar vel hérlandis. Hljómsveitin er nú komin aftur til Íslands til að kynna glænýja plötu, Eric The Red, en á henni má m.a. finna lagið „Ólavor Riddararós“, sem er rokkuð útgáfa af þessu kunna

kvæði. Færeysku pungarokkararnir komu til landsins þann 24. júní og fara 30. júní. Íslenska sveitin Douglas Wilson hitar upp fyrir Tý á ferð þeirra um landið. – thelma@bb.is



Þungarokkssveitin Týr var í miklu stuði á sunnudagskvöld. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Hafnarstræti 24 á Þingeyri til sölu

Til sölu er fasteignin Hafnarstræti 24, Þingeyri. Um er að ræða ca. 510m² stálgrindarhús, byggt árið 1978. Fasteignin er til afhendingar með skömmum fyrirvara. Óskað er eftir tilboðum í eignina og skal þeim skila til Björns Jóhannessonar, hdl., Hafnarstræti 1, Ísafirði (sími 456 4577) eigi síðar en 7. júlí nk.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Nánari upplýsingar um eignina gefur Björn Jóhannesson hdl.



Idol-stjörnu-leit á Ísafirði

Forkeppni vegna Idol-stjörnuleitar, sem óhætt er að segja að hafi slegið í gegn á Stöð 2 í vetur, verður haldin á Hótel Ísafirði 14. september. Í tilkynningu frá Stöð 2 kemur fram að keppnin verði að nokkru leyti með breyttu sniði en dómarnir, þau Bubbi Morthens, Sigríður Beinteinsdóttir og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, verða söm við sig. Sem fyrr sjá Simmi og Jói um að kynna dag-skrána og skemmta áhorfendum á milli atriða. Skráning í áheyrnarpróf Idol-Stjörnuleitar hefst 1. júlí á heimasíðu Stöðvar 2, www.stod2.is.

Ólafur fékk 75,5% atkvæða

Talningu atkvæða forsetakosningunum í Norðvesturkjördæmi lauk um kl. 6:30 á sunnudagsmorgun en atkvæði greiddu 13.496 manns af 21.145 sem voru á kjörskrá eða 63,8%. Ólafur Ragnar Grímsson hlaut 10.143 atkvæði eða 75,5%, Baldur Ágústsson 1.241 eða 9,2% %, Ástþór Magnússon 134 atkvæði eða 1,0% og auðir seðlar voru 1.902 eða 14,2%. Ógildir seðlar voru 76.

Haglabyssu stolið

Á föstudag var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um að haglabyssu hefði verið stolið úr heimahúsi í umdæminu nóttina áður. Um er að ræða Winchester 1200 með pumpulás og er hægt að stækka skotgeyminn. Í tilkynningu frá lögreglunni kemur fram að skefti byssunnar er límt með brúnu límbandi og í því er stór sprunga. Þá er sjáanleg sprunga í „álhúsinu“ þar sem skotum er stungið inn. Á byssunni er afturmið en eigandinn bjó það til sjálfur og sagði það óalgengt á haglabyssu. Að auki var einum pakka af skotum stolið. Þeir sem geta veitt einhverjar upplýsingar um málið eru beðnir um að snúa sér til lögreglunnar.

Jaxlinn skráður á Flateyri

Flutningaskipið Jaxlinn sem hóf siglingar milli Vestfjarða og suðvesturhornsins í vetur hefur verið skráð undir íslenskum fána og er með heimahöfn á Flateyri. Jaxlinn er 2.065 brúttótonn að stærð og álitur vefurinn að skipið sé það stærsta sem skráð hafi verið á Flateyri hingað til.

Ísafjörður, Kaupmanna- höfn, Den Haag, New York

Ljósmyndarinn Spessi hefur hlotið athygli víðs vegar um heiminn fyrir óvenjulega túlkun sína á venjulegum efniviði. Nú hefur hann að sett upp sýningu í Listasafni Ísafjarðar í Gamla sjúkrahúsinu (Safnahúsinu á Eyrartúni). Þar er efniviðurinn „Ísfirðingar“ og mun það vera þriðja verkefnið sem hann vinnur á Ísafirði. Eflaust er mörgum einnig í fersku minni sýning hans á vestfirskum hetjum hafsins og kjarnakonum. Árið 1999 gaf hann út bókina „Bensín“ vegna sýningar á Kjarvalsstöðum en þar tók hann fyrir bensínstöðvar og dró fram mannleika og rómantík áningarstaðar sem fólk tekur vanalega sem sjálfsögðum hlut. Bensínstöð er fastur hluti bæjarlífsins í flestum ef ekki öllum bæjum landsins. Ísland hefur alltaf verið í fyrirrúmi í verkum Spessa. Í verkefninu „Tjaldstæði“ má glögglega sjá bregða fyrir kunnuglegum stöðum, þar á meðal Geysi í Haukadál. Í öllum verkum sínum nalgast Spessi viðfangsefnið á nýjan og skemmtilegan hátt. Má þar nefna jólakortin þar sem myndir eru af opnum ísskáp og baðherbergi til að benda áhorfandanum á að jólin eru alls staðar. Ljósmyndarinn ísfirski hefur unnið til ýmissa verðlauna. Þar á meðal má nefna fyrstu verðlaun á íslensku fréttaljósmynda-sýningunni árin 1990 og 1991. Hann hefur sýnt verk sín á ýmsum stöðum bæði hér heima og erlendis, á

fjölda einkasýninga sem og samsýningum og fengið lofsamleg ummæli gagnrýnenda. Hann hefur unnið sem auglýsinga- og listljósmyndari í mörg ár og einnig hefur hann verið gestafyrirlesari hjá Listaháskóla Íslands. Sigurþór Hallbjörnsson, kallaður Spessi, fæddist á Ísafirði á sjötta áratugnum og hafði snemma áhuga á ljósmyndun. Þegar hann var tíu ára snáði þvældist hann um bæinn og tók myndir. Á unglingsárunum gerði útþráin vart við sig og Spessi lagðist í ferðalög um heiminn. Eftir áralanga leit að sjálfum sér fann hann ljósmyndunina á ný og ákvað að hefja nám í myndlistarskóla í Hollandi. Þá fóru hjólin að snúast og hann vakti fyrst athygli sem ljósmyndari fyrir vikublaðið Pressuna. En það var ekki nóg fyrir Spessa og hann ákvað að klára námið og nalgast ljósmyndun á nýjan hátt. Nú býr hann með Áróru Gústafsdóttur sem er einnig frá Ísafirði. Þau búa ásamt fjórum börnum og hundinum Fidel í frystihúsi sem þau gerðu upp sem íbúð. Þar hafa þau útsýni yfir sjóinn og lítil bryggja er rétt hjá. Áróra á fyrir þrjú börn, Markús 16 ára, Stefán 15 ára og Bergrós sem er 10 ára, og saman eignuðust þau Spessi dótturina Sögu fyrir einu og hálfu ári. Húsnæðið er einnig vinnustofa Spessa og kallast Frystihúsið. Það er merkt

með stóru, rauðu skilti og svo skemmtilega vill til að það er eina frystihúsið í símaskránni á höfuðborgarsvæðinu.

Fór á flakk um heiminn

– Þú fórst snemma að heiman – hvert lá leiðin? „Ég fór á flakk um heiminn og bjó úti í Kaupmannahöfn um tíma. Þá eignaðist ég myndavél og byrjaði að fíkta við ljósmyndun. Ég var nánast sjálfærður á ýmsum sviðum ljósmyndunar þegar ég ákvað að fara út í nám. Ég kunni til dæmis að framkalla ljósmyndir og þvíumlíkt. Þá fór ég út til Hollands í myndlistarskóla og var þar eitt ár í skóla sem heitir De Vrije Akademie og er í borginni Den Haag. Þegar ég sneri aftur heim til Íslands var Pressan að auglýsa eftir ljósmyndara, ég sótti um starfið og fékk það. Þá hafði ég heilt vikublað til að prófa mig áfram. Ég var þar í tvö ár og síðan eitt ár sem sjálfstæður ljósmyndari, þá fór ég aftur til Hollands og fór í myndlistarskólann AKI – Akademie voor Beeldende Kunst í borginni Enschede og kláraði námið. Það var fjögurra ára nám en ég fékk starf mitt metið upp í námið og kláraði það á tveimur árum. Skólinn spáði í ljósmyndun út frá myndlist. Þar er mikið meira spád í hugmyndina sem liggur að baki ljósmyndarinnar en ekki hvort hún sé falleg eða ljót. Ég hef mikinn áhuga á portretti og hef verið að rannsaka það aðeins. Ljósmyndun er ekki eitthvað sem hægt er læra bara í skólabókum, það eru margir þættir sem spila þar inn í og margar aðferðir sem hægt er að nota. Eitt sinn tók ég til dæmis mynd af mörgum mönnum í alveg eins jakkafötum og reyndi að taka alveg eins mynd af þeim öllum en hver og ein mynd kemur samt út sem einstök því að mennirnir eru einstakir. Það verk var einmitt sýnt í Slunkaríki á Ísafirði. Það getur líka skipt máli hvað þú segir við fólk þegar þú tekur mynd af því. Tökum sem dæmi að fólk spyrji mig áður en ég tek mynd af því hvernig það eigi

– núna er Spessi að sýna portrett af Ísfirðingum í sínum gamla heimabæ



að vera. Og þegar ég segist ekki vita það, þá verður fólk-ið öruggt, eins og ég hafi leitt það á svell og það kunni ekki á skauta og þurfi bara að sleppa. Útkoman getur orðið spennandi.“

Myndlist þarf ekki að vera praktísk

– Nú ertu lærður myndlistarmaður. Eru það flókin fræði sem krefjast nákvæmni eða læturðu bara sköpunargáfuna ráða? „Myndlist þarf ekki að vera praktísk. Í vísindum þarf maður að fá út praktískar niðurstöður en í myndlist eru niðurstöður ekki endilega praktískar. Vísindi

og myndlist tengjast samt á marga vegu – haldast í hendur. Vísindamenn þurfa að fylgjast með hvað er að gerast og bæta svo sínu innleggi við niðurstöðuna. Það gerir myndlistarmaður líka. Hann bætir alltaf við það sem gert hefur verið áður og fer oft ótroðnar slóðir. Það er ekki hægt að finna upp finna hjólið aftur. Ef einhver malar raunverulega vatnslitamynd, þá er hún kannski voða flott en það hefur verið gert oft áður. Munurinn er sá að í vísindum verður brú að vera útreiknuð og traust en í myndlist geturðu þess vegna skapað brú úr pappa. Þegar til dæmis Rembrandt var að mála á sínum tíma var það

nýtt og spennandi. Núna er það hluti af fortíðinni. Þetta snýst um að finna nýja nálgun á efnið. Halda áfram, ganga alltaf einu skrefi lengra. Mér finnst spennandi að taka mynd af því venjulega. Þegar fjöldinn ákveður að eitthvað sé fallet, þá verður það fallet af því að fjöldinn segir það. Ef þú tekur viðfangsefni sem er ekki fallet en velur það samt, þá er það orðið að einhverju af því að þú hefur kosið það. Án myndlistar, tónlistar og listar yfir höfuð væri lífið hrikalega leiðinlegt.“

Fór krókaleiðir til að finna sjálfan mig

VÉLADEILD

NOTUÐ TÆKI Á LAGER

VINNUVÉLAR			
	TEG.	ARG.	VERÐ ÁN VSK
O&K RH 8 LC	Beltagrafa	1999	Kr. 6.500.000
O&K MH PLUS	Hjólagrafa	1997	Kr. 3.950.000
O&K MH PLUS	Hjólagrafa	1998	Kr. 4.500.000
O&K RH 8,5 NLC	Beltagrafa	2003	Kr.10.600.000
KOMATSU WA 380	Hjólaskófla	1997	Kr. 3.500.000
BENATI 2.19 TB	Traktorsgrafa	1994	Kr. 1.950.000
FERMEC MF 560	Traktorsgrafa	1995	Kr. 2.000.000
CASE 595	Traktorsgrafa	2000	Kr. 3.500.000

MALARVAGNAR

KEISER	Malarvagn	1999	Kr. 1.700.000
VSS	Malarvagn	1996	Kr. 1.200.000

RAFMAGNSLYFTARAR JAFNSTRAUMS MEÐ SNÚNING:

YALE	2,5	1999	Kr. 600.000
YALE	3,0	1997	Kr. 850.000

Leigjum út rafmagnslyftara til skemmi eða lengri tíma. Stærðir: 2,5 til 3.0 tonn

Nánari upplýsingar veita:

Guðni símar: 530 2845 / 896 0515

Ásgeir símar: 530 2840 / 896 0176

ORMSSON

VÉLADEILD - LAGMÖLA 9

– Nú fylgir listamannslíf-
inu oft mikil óregla. Þú upp-
lifðir óregluna hins vegar
áður en þú hófst listamanns-
ferilinn. Hvað kom til?
„Ég þurfti að finna mína
leið, finna hver ég væri. Ég
var ekki ánægður með sjálf-
an mig þegar ég fór að heim-
an um tvítugt og fór ýmsar
krókaleiðir til að finna út
hver ég væri. Ég var í mikilli
áfengis- og vímuefnaneyslu
og var að lifa lífinu þar til ég
fann að það hentaði mér ekki
lengur. Ég sá fram á það að
ég gat ekki látið drauma
mína rætast, því þegar ég var
að sukka fór allur minn tími
í það. Ég fór í meðferð og
hef ekki bragðað dropa í
átján ár. Eftir meðferðina
ákvað ég að fara að læra og
lét drauma mína rætast. Þá
fóru hjólin að snúast.
Ræturnar toguðu í mig og ég
kom aftur til Ísafjarðar til að
vinna hetjuverkefnið. Verk-
efnið var hálfgerð meðferð
fyrir mig. Þá gat ég nokkurn
vegin sæst við upprunann.
Það var líka gaman að vinna
með titilinn „hetja“ án þess
að skeyta einhverju fyrir
framan hann, eins og hvers-
dagshetja eða íþróttahetja.
Eitt og sér er orðið í lausu
lofti. Hetjurnar voru í tvennu
lagi, fyrst karlar og síðan
konur. Ástæðan fyrir því að
fólkið flokkaðist sem hetjur
voru bæði mínir duttlungar
og það að þetta fólk var
merkilegt á sinn hátt. Það
eru miklu fleiri hetjur á
Vestfjörðum en ég myndaði,
en maður verður að stoppa
einhvers staðar.“

Bein útsending
frá Silfurtorgi

– Nú ert þú með sýningu í
Safnahúsinu á Ísafirði. Um
hvað fjallar hún?
„Á sýningunni eru 45
portrett af Ísfirðingum. Ég
stóð í nokkurs konar sjón-
rænni rannsókn á ísfirsku
lífi, hver mynd er eins og
úrtak í skoðanakönnun. Ég
var þrjá daga á mismunandi
stöðum í Hafnarstrætinu að
taka myndir af fólki sem átti
leið um bæinn. Ég sagði því
til um hvar það ætti að
standa til að taka myndir af
því og oft var það erfitt fyrir
viðkomandi. Fólkið var
kannski úti á miðri götu, bíl-
ar að bíða og allir að horfa á,
það stressaðist upp. Út-
koman er mjög skemmtileg.
Einnig verður meðan á sýn-
ingunni stendur bein út-
sending á Netinu frá Silfur-
torgi. Ég hef komið fyrir
eftirlitsmyndavél í Stjórn-
sýsluhúsinu sem er beint að
hjarta miðbæjarins og mun
taka upp allt sem fer þar
fram.“
– Bókin „Bensín“ sem þú
gafst út vakti mikla athygli.
Hvað heldurðu að valdi því?
„Bensínstöðvar eru falleg-
ar, þær lýsa upp myrkrið
fyrir næturferðalanga og eru
vin í eyðimörkinni. Þær eru
áningarstaður á ferðalögum.
Þegar ég var á mínum yngri
árum ferðaðist ég mjög

mikið á puttanum og var
ekki að fara neitt ákveðið. Þá
komu bensínstöðvar mikið
við sögu. Eitt sinn keypti ég
farmiða aðra leiðina með
Smyrli til norðurenda Skot-
lands. Ég ferðaðist um
Skotland yfir til Englands og
kom við á tónlistarhátíðum.
En ég var ekki að fara neitt
ákveðið og á milli borga
voru alltaf bensínstöðvar.
Þegar bíllinn sem ég var með
í það skiptið var alveg að
fara beygja út af aðalveg-
inum, þá var maður settur út
á næstu bensínstöð. Oft hitti
ég einhvern þar sem var að
fara eitthvað annað en ég var
að fara. Þá fór ég bara með
honum þangað og þannig
koll af kolli, þetta var mjög
spennandi. Það var hægt að
kaupa sér rauðvín og setjast
út í sólina fyrir utan bensín-
stöðvarnar.
Á þessu puttaferðalagi
mínu fór ég á flakk alveg til
Spánar og til Suður-Frakk-
lands áður en ég fór til
Kaupmannahafnar og staldr-
aði þar við í eitt og hálft ár.
Á ferðalaginu dvaldist ég
mikið á bensínstöðvum og
það varð kannski til þess að
mig langaði til að taka þær
fyrir. Bensínstöðvar á Íslandi
voru tilvalið myndaefni því
það er svo auðvelt að loka
hringnum, ég tók myndir af
nánast öllum bensínstöðvum
á landinu. Það var gaman að
sjá að olíudælurnar líktust
mönnum, sérstaklega þær
gömlu, og síðan vélmennum,
og nú líkjast þær engu
mannlegu.“

Ljósmyndin í
myndlistinni

– Það er ýmislegt sem
ljósmyndari getur sérhæft sig
í, t.d stúdíóljósmyndun og
fréttaljósmyndun. Hvað er
það við ljósmyndun sem
höfðar til þín og af hverju
valdirðu listrænt sjónarmið
ljósmyndunar en ekki stríðs-
fréttaljósmyndun eða
eitthvað annað?
„Þegar ég byrjaði að ljós-
mynda fann ég að þeir ljós-
myndarar sem nota ljós-
myndina í myndlist höfðuðu
mest til mín. Þar fann ég
leyndan hæfileika og fór
kanna hann. Ég fæst við
ýmislegt í gegnum ljós-
myndunina. Ég var eins og
áður sagði fréttaljósmyndari
hjá Pressunni og ég tek
meðal annars myndir fyrir
auglýsingar og það er mín
helsta tekjulind. Ljósmyndun
er svo margbreytileg og
skemmtileg og ég býst við
að halda áfram að fást við
hana um ókomna tíð.“

New York er suðu-
pottur myndlistar

– Hvenær vaktirðu fyrst á
þér athygli?
„Ég byrjaði að vekja at-
hygli á mér þegar ég vann
hjá Pressunni. Þar var fyrst
tekið eftir mér en þá bara
fyrir hefðbundnar blaða-
myndir. Þegar ég var farinn
að vinna við myndlist fór ég

brátt að vekja athygli á mér
viðar og á annan hátt. Mér
var boðið að koma og sýna
víðs vegar í Evrópu. Ég er
búinn að sýna verk mín í
Færeyjum, London, Stokk-
hólmi, Finnlandi og svo loks
í New York. Borgin New
York er sannkallaður suðu-
pottur myndlistar. Þar eru
mörg gallerí og margir
listamenn að bílast um
brauðið. Á stóru galleríunum
koma kannski fimmtíu
listamenn með portfólíur á
dag. Það þarf ekki aðeins
hæfileika til að komast
áfram, heldur líka heppni.
Það er mjög erfitt að ná
sambandi við framkvæmda-
stjórana en það er bunki af
portfólíum sem bíða þeirra á
hverjum degi og þeir ná
kannski ekki að fara yfir allt.
Maður verður bara að halda
áfram að reyna.

Eitt sinn var ég í New
York að heimsækja gamlan
skólafélaga og var í leiðinni
að reyna að koma mér inn
hjá galleríum. Ég var búinn
að þvælast um á milli gall-
ería á hverjum degi í hálfan
mánuð en ekkert gekk. Síðan
átti ég leið á opnun sem var í
þekktu galleríi í Brooklyn og
heitir Roebling Hall. Ég not-
aði tækifærið og sýndi eig-
andanum bókina mína

Bensín og þá sagðist hann
einmitt hafa verið að skoða
þessa bók og hann og kollegi
hans spáð í hvernig hægt
væri að ná á mig. Þeir voru
nefnilega að fara setja upp
sýningu undir yfirskriftinni
„World Trade“ eða heims-
viðskipti og Bensín smell-
passaði þar inn. Það endaði
með því að þeir buðu mér að
taka þátt í samsýningu. Það
var vendipunktur á mínum
ferli, líkt og fyrir tónlistar-
mann að fá plötusamning við
stórfyrirtæki. Þá var ég í
samsýningunni „World
Trade“ með átta öðrum lista-
mönnum um vorið. Strax um
haustið var ég svo með
einkasýningu í Roebling
Hall. Einnig hef ég sýnt í
galleríinu tjaldstæðismynd-
irnar og í framtíðinni langar
mig til að sýna þar myndir-
nar frá sýningunni á Ísa-
firði.“

– Myndirðu telja þig vera
einn af fremstu ljósmynd-
urum heims?
„Það verða aðrir að dæma
um“, segir Spessi og brosir.
Spessi hógvæð en margir
telja hann verðskulda sess í
hópi þeirra bestu. Þeir sem
hafa áhuga á að kynna sér
verk hans nánar geta nálgast
þau á heimasíðu hans:
www.spessi.com
– thelma@bb.is

Kaupmenn á Ísafirði óánægðir með farandsölumenn

Sameiginlegur
markaður í bígerð

Hugmyndir eru uppi um
að halda sameiginlegan
markað verslana í Ísafjarð-
arbæ til að keppa við farand-
sölumenn sem oft bjóða
varning sinn í félagsheimil-
inu í Hnífsdal. Á síðasta
fundi atvinnumálanefndar
Ísafjarðarbæjar var rætt um
hvort nefndin ætti beita sér
fyrir því að verslanir á svæð-
inu héldu sameiginlegan

markaðsdag til að hvetja til
verslunar í heimabyggð.
„Það hefur ríkt óánægja
meðal verslunarrekenda á Ísa-
firði yfir því að hingað hafa
komið farandsalar m.a. með
gamlan lager og selt fyrir lít-
ið“, segir Rúnar Óli Karlsson,
atvinnu- og ferðamálafulltrúi
Ísafjarðarbæjar.
Hann segir nefndina ekki
vilja gera lítið úr því að far-

andsölurnar kunni að vera
kjarabót fyrir íbúa svæðisins
en nefndin vilji hvetja kaup-
menn í bænum til að keppa
á sama markaði. „Menn eru
að velta fyrir sér hvort versl-
anir hér á svæðinu gætu stað-
ið fyrir markaði af þessu tagi
í samstarfi við sína umboðs-
aðila. Hugmyndin er að láta
reyna á þetta næsta haust“,
sagði Rúnar Óli.



Esperanza skip Grænfriðunga á Pollinum á Ísafirði.

Esperanza Grænfrið-
unga kom til Ísafjarðar

Stærsta skipið í flota
Grænfriðunga, Esperanza
lagðist að bryggju á Ísafirði
í síðustu viku. Með komu
sinni til Ísafjarðar vilja
Grænfriðungar kynna starf-
semi sína og stefnumál fyrir
heimamönnum. Skip þeirra
Rainbow Warrior kom til
Ísafjarðar í fyrra. Skipverjar
á Esperanza eru riflega 30
talsins af mörgu þjóðerni.

Nafn skipsins er fengið úr
spænsku og þýðir von.
Esperanza er smíðað í
Gdansk í Póllandi árið 1984.
Það er rúmlega 2.000 brúttó-
tonn að stærð, rúmir 72 metrar
að lengd og rúmir 14 metrar
að breidd. Aðalvélar skipsins
eru tvær tæplega 3.000 hest-
afla vélar af Sulzer gerð.
Skipið var upphaflega smíð-
að fyrir sovéska herinn og var

sérhannað til slökkvistarfa.
Það er sérstaklega styrkt til
siglinga í ís enda var það
gert út frá Murmansk í upp-
hafi. Fjörtán skip af þessari
gerð voru smíðuð fyrir
Rússa. Síðar gekk skipið
kaupum og solum og þegar
Grænfriðungar festu kaup á
því árið 2000 hafði það verið
sem birgðaskip í Noregi.
– hj@bb.is

Landsbankinn á Ísafirði hefur fengið
nýtt símanúmer

Símanúmer bankans er

Fax númer bankans er

410 4156 410 3018



ritstjórnargrein

Frá því markmiði á ekki að hvika

Þegar varnarræður eru haldnar fyrir samruna og/eða samstarfi fyrirtækja á sama markaði er megin þungi ævinlega lagður á þá hagsæld sem í þessu á að felast fyrir neytendur; viðskiptavinina. Það hefur hins vegar sýnt sig að æði oft fer lítið fyrir hlut þeirra þá upp er staðið. Gott dæmi um hvernig ávinningur af samstarfi olíufélaganna hefur með öllu runnið fram hjá vasa viðskiptavina birtist í verði bensíns og olíu í Ísafjarðarbæ. Gildir einu hvort um sjálfsafgreiðslu eða veitta þjónustu er að ræða þegar samanburður á verðlagi hér og á ýmsum öðrum stöðum á landinu er gerður. Þegar leitað er skýringa verður fát um svör.

Olíutankarnir í Mjósundum og við Suðurgötu hafa lengi verið þynir í augum íbúa Ísafjarðarbæjar. Staðsetning þeirra á sínum tíma grundvallaðist á allt öðrum forsendum en uppi eru í dag hvað varðar staðsetningu slíkra stöðva, umbúnað þeirra og umhverfi og öryggi gagnvart nærliggjandi byggð. Þegar svo vel vill til að lóðarsamningar fyrir þessum stöðvum eru úr gildi, að undanskildum samningi fyrir hluta stöðvarinnar við Suðurgötu, og fyrirséð er að leggja þarf í umtalsverðan kostnað við endurnýjun á núverandi aðstöðu, liggur beinast við að nýta tækifærið til flutnings á olíutönkunum. Enda hefur það verið ætlan bæjaryfirvalda árum saman.

Frestun bæjarstjórnar í olíumálinu kann að hafa verið rétt. Að því má ekki rasa. Lausn málsins er eigi að síður aðkallandi beggja málsaðila vegna. Tímabundnir erfiðleikar mega ekki ráða úrslitum. Við verðum að hafa trú á því sem hér er verið að gera og við teljum að geti gerst. Horfa fram á veginn. Skylda bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í olíumálinu er að standa vörð um hagsmuni íbúanna. Það verður best gert með því að tryggja samkeppni; opna nýjum aðilum leið á markaðinn. Það er besta leiðin til betra verðs.

Af viðbrögðum olíufélaganna við óskum bæjarfélagsins um flutning á olíubirgðastöðvunum er ljóst að við ramman reip er að draga. Afstaða olíufélaganna má þó ekki undir neinum kringumstæðum verða til þess að horfið verði frá áratuga samhljóða stefnu um flutning á olíubirgðastöðvunum í Suðurtanga. Hafnarstjórn og umhverfisnefnd bæjarins eru sammála um að halda beri fast við fyrri samþykktir.

Eftirgjöf í þessu máli væri mikil skammsýni og stórt skref aftur á bak, til lengri tíma lítið. Frá þessu markmiði á bæjarstjórnin ekki að kvika.

s.h.


orðrétt af netinu

Einræður Íslendinga

„Menn tala og tala, það vantar ekki, en þorri þessa orðaflaums snertir ekki kjarna málsins og færir engan nær lausn á vandanum. Einræður Íslendinga eru oftast á slíku plani, að þær bera ekki nafngiftina umræða. Er mönnum alvara? Eða er vísvitandi verið að villa um, rangfæra og rangtúlka, svo aðrir fái ekki gert upp hug sinn með hjálp bestu upplýsinga?“

tiken.is – Guðrún Pétursdóttir

Útgefandi: H-prent ehf., Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Kristinn Hermannsson, sími 863 1623, kristinn@bb.is – Halldór Jónsson, sími 892 2132, hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · **Auglýsingar:** Steingrímur Rúnar Guðmundsson, sími 896 0035, denni@bb.is · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X



Á teikningunni má sjá íþróttahúsið sambyggt við Grunnskólann á Suðureyri.

Bygging nýs íþróttahúss á Suðureyri

Gengið til samninga við Ágúst og Flosa ehf.

Byggingarnefnd nýs íþróttahúss á Suðureyri hefur samþykkt að ganga til samninga við Ágúst og Flosa ehf. um byggingu íþróttahúss á grundvelli tilboðs þeirra. Eins og fram hefur komið í fréttum var efnt til alútboðs vegna fyrirhugaðrar byggingar og bærust tvö tilboð, frá Ágústi og Flosa ehf. og Vestfirskum verktökum.

Þegar um alútboð er að ræða er gefin einkunn fyrir þær tilögur sem berast. Fyrirhönnun hlaut tillaga Vestfirska verktaka 70 stig en tillagan frá Ágústi og Flosa hlaut 65 stig. Við opnun verðtilboða kom í ljós að Ágúst og Flosi bjóðast til þess að byggja sitt hús fyrir

56,5 milljónir króna en Vestfirskir verktakar bjóða sína byggingu fyrir 73,4 milljónir

króna. Þegar tekið hafði verið tillit til verðtilboða hlaut tillaga Ágústar og Flosa 95 stig

en tillaga Vestfirska verktaka 93 stig.

– hj@bb.is

Nýbygging Byggðasafnsins í Neðstakaupstað

Boðin út innan skamms

Stefnt er að útboði á suðurenda hins nýja sýningar- og geymsluhúss Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað í næsta mánuði. Að þessu sinni verður byggt svokallað sérhæft geymslusvæði sem er u.þ.b. einn þriðji hluti af flatarmáli hússins. Markmiðið er að byggingin verði

fokheld í vetur.

„Það er til nóg fjarmagn til að klára þennan hluta og hugsanlega halda eitthvað áfram en síðan þarf að útvega fjarmagn í næstu áfanga“, segir Björgmundur Örn Guðmundsson, formaður byggingarnefndar hússins.

„Ísafjarðarbær, Súðavíkur-

hreppur og ríkið hafa lagt fram tvo þriðju hluta heildarkostnaðar og við erum bjartsýn á framhaldið. Byggðasafnið hefur mesta þörf fyrir geymslusvæði og því ætlum við því að ljúka þeim hluta fyrst“, sagði Björgmundur. Undirbúningur að byggingu nýs húss hófst árið 1993.

Jón Björnsson, landvörður í Hornstrandafriðlandinu

Býst við fjölgun ferðamanna

Jón Björnsson, landvörður í Hornstrandafriðlandinu, telur umferð um svæðið hafa farið vaxandi síðustu þrjú árin og segir að allt eins megi reikna með áframhaldsandi fjölgun þeirra á komandi árum. Áætlað er að hvert sumar sækji á bilinu 3.500-4.000 manns Hornstrandafriðlandið.

„Áætla má að í kjölfar þess að Fagranesið hætti Siglingum sínum um Strandir fyrir þremur árum hafi ferðamönnum fækkað lítillega. Undanfarin sumur hefur þjónusta stórbatnað og er sennilega stígandi í fjölda“, segir Jón í skýrslu landvarðar fyrir árið 2003. Hann áætla að u.þ.b. 3.800 manns hafi sótt friðlandið heim í fyrra. Fjölgunin sé mest meðal gönguferðalanga, ekki síst útlandinga, og dagsferðamanna. Fjöldi þeirra sem haldi til í húsum sé svipaður og verið hafi.

„Athyglisvert er að fjölgun er allnokkur í gönguferðum

og dagsferðum. Erlendum ferðamönnum fjölgar sínu mest og má áætla að þeir séu um 25% göngumanna á svæðinu. Þeir koma einnig fyrr og hættu síðar“, segir Jón í skýrslu

unni en tekur fram að upplýsingunum beri að taka með fyrirvara þar sem ekki séu til nákvæmar tölur um fjölda og ferðatilhögun. Hann segir erfitt að meta nákvæmlega fjölda

ferðamanna sem fari um svæðið og tilhögun ferða þeirra en m.a. sé stuðst við upplýsingar frá ferðaþjónustuaðilum, talningar á tjaldstæðum og skoðanakannanir meðal ferðamanna.

SALTFISKVEISLA

BYGGÐASAFNS VESTFJARÐA

TJÖRUHÚSINU

LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 3. JÚLÍ KL. 20⁰⁰

NOKKRIR SALTFISKUNNENDUR MATREIÐA SINN EFTIRLÆTIS RÉTT.

Þórir Baldursson, Tómas R. Einarsson, Páll Torfi Ónundarson og Jóhanna Þórhallsdóttir seiða fram viðeigandi tónlist.

PANTANIR Í SÍMUM: 456 3293 OG 896 3291

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna

Höfuðnauðsyn að ná nýjum aðil- um í bensínsölu á landsbyggðinni

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir höfuðnauðsyn að ná nýjum aðilum inn í bensínsölu á landsbyggðinni til þess að tryggja lægra verð. Hann segir olíufélögin hafa sjálf hirt ágóðann af samrekstri bensínstöðvar á Ísafirði en engu skilað til viðskiptavina. Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs smásölu Skeljungs, segir rekstur bensínstöðva á landsbyggðinni ekki standa undir lægra bensínverði og að hagræðing vegna sjálfsafgreiðslu viðskiptavina skili sér ekki í þeim mæli að hægt sé að veita sama afslátt þar og í Reykjavík.

Nú þegar helsti ferðatími landsmanna fer í hönd er eðlilegt að öllum velti fyrir sér verði á eldsneyti á bifreiðar sínar. Með tilkomu Atlantsolíu á markaðinn virðist sem samkeppni hafi aukist mjög. Það er þó einungis bundið við næsta umhverfi stöðva Atl-

antsolíu á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem staðbundin og grimmileg samkeppni ríkir á Selfossi. Við athugun á heimasíðum olíufélaganna í dag kom í ljós að lægst er verðið á bensíni hjá Orkunni í Hafnarfirði 99,70 krónur fyrir hvern lítra í sjálfsafgreiðslu. Þar er raunar hægt að kaupa bensínlítrinn á 97,70 með því að kaupa sérstök bensínkort sem einungis er hægt að nýta á stöðvum Orkunnar. Hæst er verðið hinsvegar í sjálfsafgreiðslu 108,90 krónur fyrir hvern lítra á nokkrum bensínstöðvum m.a. hjá Skeljungi á Bíldudal og Esso á Patreksfirði. Á bensínstöðvum við Djúp er verðið það sama eða 107,90 krónur.

Eins og áður hefur verið minnst á í fréttum er afsláttur vegna sjálfsafgreiðslu ekki sá sami eftir því hvar á landinu fólk dælir á bilinn sinn. Þannig er afslátturinn aðeins tvær krónur á Bíldudal og Patreks-

firði en þrjár krónur við Djúp. Þar hækkaði afslátturinn úr tveimur krónum í þrjár fyrir skömmu. Þegar kemur á höfuðborgarsvæðið er afslátturinn mun meiri hjá stöðvum með svipað og jafnvel meira þjónustustig. Margrét Guðmundsdóttir hjá Skeljungi segir þennan mismunandi afslátt eiga sér þær skýringar að hagræðing við sjálfsafgreiðslu skili sér mjög misjafnlega í rekstri stöðvanna. Þar sem meiri umsvif séu skili þessi hagræðing sér best og þar sé afslátturinn því hærri. Sömu sögu segir hún vera með mismunandi útsöluverð. Þar ráði auðvitað samkeppnisumhverfið miklu en einnig sé dýrara að reka litlar stöðvar úti á landi og því sé bensínverðið herra þar.

Á Ísafirði hafa olíufélögin rekið í sameiningu bensínstöðum áratugaskeið. Því má draga þá ályktun að félögin hafi hagnast mun meira á þeirri

starfsemi en ef um margar stöðvar væri að ræða. Aðspurð hvers vegna það kæmi ekki fram í lægra verði stöðvarinnar kvaðst Margrét ekkert geta sagt. Sá rekstur væri á ábyrgð Olíufélagsins og því yrðu starfsmenn þess félags að svara fyrir það.

Eins og áður sagði er munur milli bensínstöðva á suðvesturhorninu annars vegar og landsbyggðarinnar nokkur. Ekki er óraunhæft að ætla að fjölskyldubifreið fari með að lágmarki 2.500 lítra af bensíni á ári. Því er aukakostnaður þeirra sem búa við hæst eldsneytisverð verulegur eða um 28 þúsund krónur á ári. Til samanburðar má fyrir þá upphæð kaupa tvo farseðla með lággjaldaflugfélagi frá Íslandi til London og til baka. Aðspurð hvort að landsbyggðarfólk sé að greiða niður verðsamkeppni á höfuðborgarsvæðinu segir Margrét það af og frá. Verðið á landsbyggðinni endurspeglir einungis þann kostnað sem liggir í rekstri

stöðvanna á hverjum stað.

Á sama tíma og verðsamkeppni olíufélaganna nær einungis til afmarkaðra landsvæða hefur mikil samkeppni á matvörumarkaðnum skilað sér í lægra vöruverði mjög víða á landsbyggðinni t.d. er sama verð í Bónus á Ísafirði og í Reykjavík. Aðspurð hvers vegna slíkt skili sér ekki í samkeppni í eldsneyti segir Margrét að hún geti ekki svarað fyrir um verðstefnu Bónuss. Það sé þeirra mál og hún þekki ekki þann rekstur og ekki sé rétt að bera þessa hluti saman.

Neytendasamtökin birtu í síðustu viku verðkönnun þar sem áður nefndur verðmunur á milli einstakra bensínstöðva annarsvegar og landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins hinsvegar kom í berlega í ljós. Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir könnunina staðfesta að verð ráðist af samkeppni og raunar sé verðsamkeppnin mest þar sem til staðar sé einhver stöð frá Orkunni,

Egó, ÓB eða Atlantsolíu. Því sé það greinilega höfuðnauðsyn fyrir landsbyggðarfólk að ná til sín stöðvum frá þessum nýju aðilum ef takast á að lækka eldsneytisverð.

Jóhannes segir það jafnframt óásættanlegt að ekki skuli vera sami sjálfsafgreiðsluafsláttur á öllu landinu hjá stöðvum. Slík mismunur eigi ekki að líðast. Hann segir það líka forkastanlegt og útúr öllu korti að Ísfirðingar skuli ekki njóta þess í verði að olíufélögin hafi rekið bensínstöð þar um áratuga skeið. Hann segir það ljóst að þar hafi olíufélögin hirt af Ísfirðingum mikinn gróða. „Það er ekki hægt að setta sig við slík vinnubrögð lengur og vonandi verður slíkur rekstur bannaður innan tíðar. Þau rök sem notuð voru fyrir slíkum samrekstri hafa ekki haldið í reynd því gróðinn hefur aðeins skilað sér til olíufélaganna sjálfra en ekki með neinum hætti til viðskiptavinna“, sagði Jóhannes.

– hj@bb.is



Frá framkvæmdunum við Djúpveg í Hestfirði.

Framkvæmdir í Hestfirði á eftir áætlun

Framkvæmdir Klæðningar ehf. á 31,5 km kafla Djúpvegar frá Kleifum í Skötufirði að Hesti í Hestfirði ganga vel en eru þó heldur á eftir áætlun, að sögn Sigþórs Ara Sigþórssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Fulltrúar Klæðningar eru þó bjartsýnir að verkinu verði

lokið á réttum tíma en á þriðja tug manna vinna við verkið og standa eins langan vinnudag og leyflegt er til að bregðast við seinkuninni.

„Þetta er okkar stærsta verk í augnablikinu, þó við höfum fengist við verkefni af svipaðri stærð áður“, segir Sigþór Ari. Klæð-

ingarflokkur er væntanlegur eftir helgi og mun þá klæðning á fyrstu kílómetrum vegarins hefjast. „Ef haustið verður okkur hagstætt þá munum við klára þetta á tilætluðum tíma“, segir Sigþór Ari en verkinu skal að fullu lokið 1. nóvember.

– thelma@bb.is

Viðskiptavinir ATHUGIÐ

Efnalaugin Albert

er komin í nýtt húsnæði að
Sindragötu 14, Ísafirði
við hliðina á G.E. Sæmundssyni
og Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar

Bjóðum upp á fatahreinsun
og alhliða þvott fyrir
einstaklinga og fyrirtæki

Leiga á dúkum og borðbúnaði

Fallegar gjafavörur



EFNALAUGIN
ALBERT_{ehf}
Sindragötu 14, Ísafirði • Sími 456 4670

Lífðum við sult og seyru

– Þórður Júlíusson útgerðarmaður á Ísafirði lítur yfir farinn veg

Drengurinn sem hér greinir frá fæddist á öndverðri síðustu öld og óx upp til að verða mikils metinn maður.

Hann var nefndur Þórður Ingólfur, sonur Júlíusar Geirmundssonar bónda í Fljótavík og Guðrúnar Jónsdóttur. Hann ólst upp í sárustu fátækt norður á Hornströndum, sjálfmenntaður og hörkuduglegur. Vann sig upp metorðastigann af eigin rammleik og varð einn af framámönnum Ísafjarðar. Hann hóf útgerð ásamt bróður

– Hvernig var upphafið að útgerðinni Gunnvöru?

„Það var Jói bróðir sem kom með hugmyndina að útgerð. Ég verð nú að segja að hann hafi nú alltaf verið fljótur á sér“, segir Þórður hlæjandi.

„Ég fór nú samt að hugsa um þetta og á endanum fórum við til Bjarna Guðbjörnssonar, bankastjóra Útvegsbankans, með þá hugmynd að fá lán til þess að smíða bát. Bjarni setti það skilyrði að við myndum kaupa vélina sjálfir, hún kostaði hundrað og áttatíu þúsund krónur, sem voru rosalegir peningar þá. Við getum bara sagt að það séu álíka margar milljónir eins og þúsundir í dag. Útvegsbankinn reddaði því að við gátum pantað vélina. Vélin var keypt hjá Gunnari Friðrikssyni sem var nú reyndar náfrændi okkar. Þegar við vorum búnir að skrapa saman hundrað og tuttugu þúsundum, þá vantaði sextíu til viðbótar. Við vorum ekki sjómenn í eðli okkar. Þó að við stunduðum sjó var það meira af þörf en löngun. Það endaði því með því að fengum til liðs við okkur skipstjóra, sem var blankur líka. Hann hét Jón B.

Jónsson. Við fórum til Bjarna bankastjóra og fáum lánuð sextíu þúsund fyrir hlut Jóns.“

Gunnvör fyrsta

„Þetta varð sem sagt upphafið að Gunnvöru. Um þessar mundir voru erfiðir tímar í sjávarútvegi. Ísborg og Sólborg sem voru helstu skipin hérna fyrir vestan voru orðin gjaldþrota og má segja að allt væri í rúst í bænum. Tvö skip sem á þessum tíma voru smíðuð hjá Marsellíusi, Gunnvör og Hrönn, voru skipin sem komu Ísafirði á kortið í nýtísku togaraútgerð. Ég verð að segja það, að maður hefði nú ekki trúað því þá, þegar við vorum að safna þessum 180 þúsund krónum, að það ættu eftir að verða smápeningar.

Þetta var hörkupúl og við vorum afskaplega lánsamir. Þegar við keyptum Gunnvöru fyrstu, þá vorum við mjög lánsamir að eiga svona góðan bankastjóra. Bjarni stóð alla tíð við bakið á okkur á meðan við vorum í útgerð. Hann var merkilegur maður og var líka í bæjarstjórn. Ég segi það að hann hafi bjargað Ísafirði. Á þessum tíma voru Gunnvör og

sínum, Jóhanni Júlíussyni, og upp úr því varð útgerðarfélagið Gunnvör til um miðja seinustu öld. Á stríðsárunum kvæntist hann Aðalheiði Báru Hjaltadóttur og áttu þau saman átta börn, fjórar stelpur og fjóra stráka. Þórður og Bára voru gift í 57 ár og bjuggu alla sína tíð á Vinaminni á Ísafirði. Bára féll frá árið 2000 en Þórður er enn í fullu fjöri, kominn hátt á níraðisaldur og býr enn á Vinaminni.

Hrönn aðalfyrirtækin í bænum. Það létti mikið undir bænum þegar byrjað var að reka skip sem skiluðu hagnaði. Eftir að Ísborg og Sólborg urðu gjaldþrota, þá gat enginn láð bankastjóra það að vilja ekki lána fé því að það var gríðarleg áhætta. Við vorum það heppnir að við gátum endurgreitt þann pening sem við höfðum fengið lánaðan, því vitanlega áttum við ekki þá peninga sem við vorum með. En við gátum skilað þeim og það skiptir höfuðmáli. Þetta var hörkupúl, en þegar maður lítur yfir farinn veg, þá getur maður ekki sagt annað en að maður hafi verið heppinn. Þetta var mikil vinna og það kom stundum fyrir að maður vann allan sólarhringinn. Það hvarflaði þó aldrei að mér að gefast upp.

Ég er ákaflega montinn af strákunum sem reka Gunnvöru núna. Þeir hafa sýnt að þeir eru menn til þess. Það var gæfuspor að geta sameinað Hraðfrystihúsið í Hnífsdal og Gunnvöru. Strákarnir hafa sýnt forsjá og dugnað við að reka fyrirtækið og ég er afar montinn af þeim. Mín reynsla er sú, að menn eigi aldrei að

eyða um efni fram, en það er erfitt að kenna slík fræði núna. Öll lögmál sem við þekktum þá eru löngu orðin úrelt. Núna taka menn gífurlega áhættu og sumir liggja flatar eftir en aðrir eru kallaðir sægreifar.“

Drunur úr hafi

– Nú hefur þú lifað viðburðaríku lífi. Er eitthvert atvik sem er minnisstæðast?

„Það lifir sterkt í minningunni er ég var á Ísborginni og við siglum norður á Siglufjörð. Þegar við komum aftur, þá var þetta algjörlega kyrra veður, alveg blæjalogn. Þegar við komum út að Aðalvík heyrum við þessar ógurlegu drunur úti í hafi. Menn fóru að velta fyrir sér af hverju það stafaði en eftir smástund er öllum skipum skipað að fara í land undir eins, hvar sem þau eru. Þá var þetta orrustan á milli Hood, sem var flaggskip breska sjóhersins, og þýska herskipsins Bismarck. Á þessum degi sökkti Bismarck Hood úti á Grænlandshafi og yfir þúsund manns fórust. Þetta var ekki einu sinni í fréttum þá, því að það mátti ekki tala um stríðið. Þetta frétti maður löngu á eftir.

Vinur minn sem hét Guðbjörn var skotinn í árásinni sem Þjóðverjar gerðu á Súðina. Hún var strandferðaskip frá Súðavík og þeir voru í strandsiglingum í kringum landið. Þjóðverjarnir skutu á skip sem þeir töldu vera að flytja fisk og annað til Englands. Ég man nú ekki hvar Súðin var en þeir drápu menn um borð með vélbyssuskot-hríð. Það var stríðsástand öll þessi fimm ár á Íslandi. Raunar má segja, að atvinna á Íslandi hafi skapast við stríðið. Árið 1940 koma Bretarnir og gera Reykjavíkurlugvöllinn og þá fór fólk alls staðar af landinu að vinna þar. Hérlandis var mikið um að vera á stríðsárunum. Skip komu og sóttu fisk og fóru með til Englands og skapaðist við það geysilega mikil atvinna. Allur fiskur var ísaður og fluttur til Englands. Þegar stríðinu lauk 1945 vorum við rík þjóð. En við misstum líka mikið. Skelfilegasta slysið var þegar Goðafossi var sökk. Það voru svo margir sem fórust með honum.“

Handpillað á Vinaminni

– Nú var Rækjuverksmiðjan Vinaminni lengi við lýði. Það eru nú ekki allir sem eru með rækjuverksmiðju úti í bakgarði hjá sér. Hvernig kom það til?

„Rækjuverksmiðjan komst ekki á laggirnar fyrr en löngu eftir stríð og þá var útgerðin komin á fullt. Þannig var, að við Helgi Geirmundsson keyptum lítinn bát saman, létum breyta honum og fórum á rækju. Við Helgi vorum alla tíð miklir mátar og erum enn. Þá fór ég að velta því fyrir mér hvort ekki væri best að pilla

rækjuna sjálfur og svo fór að ég handpillaði hana sjálfur ásamt fjölskyldu minni. Við byrjuðum á því að setja upp aðstöðu til að handpilla en svo kom í ljós að við höfðum ekki nægan mannskap til að handpilla og þá var farið að vélpilla.“

– Þeir eru ófáir bæjarbúarnir á Ísafirði sem hafa einhvern tíma unnið fyrir þig í gegnum árin, er ekki svo?

„Ég var mikið með krakka og unglinga í vinnu. Ég leigði af bænum frystihúsið niðri á tanganum og keypti smáfisk og fór að vinna skel og hörpu-disk. Við það vann mikið af smástelpum og smástrákum. Þetta hafa alltaf verið miklir vinir mínir. Það er nú gaman að minnst þess, þegar ég hélt þrumandi ræður yfir strákunum að þeir ættu að vinna og vinna og ekkert nema vinna. Þeir komu til mín þegar þeir voru orðnir stórir og sögðu: Þú varst helvítis kvikindi og þú ataðir okkur út en við sáum þegar við stækkuðum að þetta var alveg rétt hjá þér. Þetta er það fallegasta sem nokkur hefur sagt við mig“, segir Þórður og hlær dátt.

„Mér þótti afskaplega vænt um þessa stráka og þykir enn. Það var sorglegt að þau fóru svo öll til Reykjavíkur. En í sjálfu sér er það ekki sorglegt, því að þau fluttu til að mennta börnin sín. Þá stóð það ekki til boða að mennta sig hérna. Þegar fjarkennslan kom tel ég að hún hafi bjargað því sem bjargað var á Ísafirði. Ég tel það hafa verið gæfuríkasta spor sem Ísfirðingar hafa tekið fyrr og síðar. Það fólk sem fór að mennta sig, það kom oft ekki aftur, en nú getur fólk menntað sig án þess að fara úr heima-högum. Fólk sem vill mennta

síð í dag hefði þurft að kosta sig til Reykjavíkur og kannski ekki átt efni á því. Ég tel að alltof lítill gaumur sé gefinn að því hversu mikið fjar-kennslan gerði fyrir Ísafjörð. Ég á tvö börn sem eru í fjar-námi og eina tengdadóttur. Ég er ákaflega montinn af þeim að hafa farið í nám.

Ég man þegar Inga Bára dóttir mín kom til mín og sagði mér það að nú væri illt í efni því að ekki væri búið að borga tölvurnar sem væru í fjarkenn-slunni og vantaði milljón upp á. Hún sneri upp á handlegginn á mér þar til ég lét hana hafa milljónina. Ég er svo stoltur af því að hafa gert það því ég tel það hafa skipt svo miklu máli fyrir Ísafjörð.“

Sluppu naumlega úr sjávarháska

– Hvenær komst þú til Ísa-fjarðar og hvað tók þá við?

„Þegar ég kom frá Fljótavík til Ísafjarðar 1939, þá kom ekkert annað til greina en að fara á sjó. Það var aldrei neitt sældarlíf að vera sjómaður, það var erfitt hlutverk en það var ekkert annað að gera þá en að fara til sjós. Ég segi oft strákunum mínum frá því, þeg-ar það voru sextán menn á fjörutíu og tveggja tonna bát, og þá sé ég hvernig þeir leggja aftur augun og hugsu: Mikið getur hann pabbi logið. Það er vissulega hreint lygilegt að nokkrum skyldi detta þetta í hug en það var ekki um neitt annað að ræða. Það þurftu oft tveir menn að sofa saman í koju og það var ansi þröngt á þingi.

Við vorum tólf um borð í Ísborginni þegar hún strandaði í Deildinni og það var bara einn björgunarbátur fyrir þessa tólf menn, árabátur úr timbri. Við strönduðum á skeri fram af Deildinni við Bolungarvík og stefnið fór af bátnum. Óla skipstjóra datt í hug, því við vorum á línu, að binda alla belgina undir bátinn. Eina fimmtán til tuttugu belgi. Ég var að dæla upp úr bátnum með dælunni, sem var vita þýðingarlaust, og um leið og seinasti maður fór um borð í árabátinn, þá rann hann niður í djúpið þannig að ég rétt slapp um borð í björgunarbátinn.

Við rerum til lands og þar var tekið á móti okkur. Ég furða mig á því að fólkið gat komið öllum þessum mann-fjölda fyrir, hröktum og blaut-um eftir hremmingarnar. En við komust í land, tólf menn í smáfleytu. Við hefðum ekki komist í land öðruvísi en að binda belgina undir. Þetta var löngu fyrir tíð gúmmibátana. Hann Óli heitinn var afska-plega snjall maður en auðvitað var ekkert að gera nema nota allt sem flaut.“

Lifði við sult og seyru

– Nú áttu foreldrar þínir mörg börn og þið bjugguð á mjög afskekktum stað norður á Ströndum. Hvernig var að alast upp við slíkar aðstæður?

„Við vorum tólf systkinin

og tíu börn voru heima. Við lifðum við óskaplega fátækt, við sult og seyru. Samgöngur við Hornstrandir voru mjög takmarkaðar og við lifðum að mestu í einangrun. Við ólumst upp við það að við fermingu fórum við að róa út á sjó. Það var alltaf róið frá Látrum í Aðalvík og við vorum að róa bara á skektum þarna fyrir sunnan. Það hefur ekki verið fyrr en um 1935 að byrjað var að róa út frá Fljótavík. Þetta var algjört frumstæði, við þurftum að bera upp á börum salt og allt svoleiðis.

Áttagafélag Sléttuhrepp-inga hefur oft grínast með það að vilja fá kvóta út á það að karlarnir hafa róið þarna. Þegar strákarnir mínir hlæja að því að vilja fá kvóta út á það, þá segi ég: Strákar mínir, þið hefðuð átt að gera þetta sjálfir, þá fyndist ykkur það eðlileg-asti hlutur í heimi að fá kvóta út á þetta. Ég viðurkenni að ég er ekkert sérstaklegur kvóta-sinni en ég vildi gjarnan fá eitthvað fyrir það að hafa lifað af þessar hörmungar fyrir norðan. Það getur enginn ímyndað sér hvernig það var að lifa þarna og láí ég það engum, því að aðstæðurnar voru þannig að fólk gæti ekki lifað þarna af. Það merkilega við þetta er, að náttúran er þannig að hún býr til fólk sem annað hvort dugar eða drepst. Það átti engra kosta vól. Við getum ekki gert okkur grein fyrir því núna, því að nú getum við fengið bætur og allt því um líkt. En fólkið þarna var algjörlega ótryggt og þurfti bara að treysta á sjálft sig. Það er erfitt að ímynda sér hvað fólkið þurfti að þola til að lifa þarna af. Það var bara ekkert annað fyrir hendi.

Það fór lítið fyrir skóla-göngu þarna fyrir norðan og ég gekk aðeins einn vetur í skóla á allri minni tíð. Hugsun-arhátturinn var sá, að fólk lifði ekki á því að fara í skóla. Það er ansi mikið breytt síðan þá.

Ég ráðlegg öllum, sem eiga framtíðina fyrir sér, að læra. Það er höfuðatriði. Það að læra var það sem best var að gera þegar maður var ungur, en það gat maður ekki gert. En allt umhverfið sem við erum í núna er svo breytt frá því sem það var áður að maður trúir því varla. En ekki má gleyma að það er hættulegur hugsunar-háttur að fólk eigi bara að vera í skóla til að vera í skóla. Það er ekki nóg. Ég ráðlegg engum að læra ef hann hefur ekki áhuga á því. Það er það versta sem hægt er að gera, bæði tíma- og peningaeyðsla. Oft hefur maður séð núna að fólk skiptir kannski allt að fjórum sinnum um skóla. Sannleik-urinn er sá að það vantar ráð-gjöf, það þarf virkilega snjalla menn til að hjálpa okkur að finna út hvað okkur langar til að gera. Ég held að maður sé ekki orðinn nógu þroskaður til að finna út úr því sjálfur 16 ára.“

Hefur lifað tvær heimsstyrjaldir



– Það má segja að þú hafir á þinni ævi lifað tvær heims-styrjaldir. Þú hlýtur að hafa upplifað ótrúlegar breytingar gegnum árin, ekki satt?

„Ég er fæddur árið þegar fyrri heimstyrjöldinni lýkur þannig að vitanlega man ég ekki henni“, segir Þórður og hlær dátt.

„Ég var danskur þegn fyrstu mánuði ævinnar. Ég er fæddur fjórða ágúst 1918 og átjánd

desember fengum við full-veldi. Ég hef oft verið að velta fyrir mér, því að ég á land í Danmörku sem heitir Vina-minni og ég keypti með barna-barni mínu, Inga Þór, sem er búsettur í Danmörku, að þeir geta ekki þrætt fyrir að ég er fæddur Dani“, segir Þórður með glotti.

„Það voru gífurlega mikil viðbrigið að koma til Ísafjarðar um tvítugt. Það var allt annað

umhverfi en ég átti að venjast og svo fóru stríðsárin í hönd og þá breyttist allt ennþá meira. Tækninni hefur náttúr-lega farið gífurlega fram síðan þá og vissulega man maður tímana tvenna“, segir Þórður með brosi.

Það eru víst orð að sönnu að Þórður sé maður sem muni tímana tvenna. Hann ólst upp í landshluta þar sem náttúran er hörð og miskunnarlaus við

manninn og þar var að duga eða drepast. Sú harka sem lærðist á bernskuárunum í Fljótavík hefur eflaust haft eitthvað að gera með dugnað hans og þrjósku sem varð til þess að maður sem gekk aðeins einn vetur í skóla á allri sinni lífstíð varð einn af farsælustu útgerðarmönnum Vestfirð-inga.

– thelma@bb.is

Verður hætt við flutning olúbirgðastöðvar á Ísafirði?

Ákvörðun frestað til hausts

Á fundi bæjarstjórnar Ísa-fjarðarbæjar á fimmtudag í síð-ustu viku kom ekki fram tillaga um framtíðarstaðsetningu olúbirgðarstöðvar á Ísafirði. Bæjarráð hafði falið bæjar- stjóra að leggja slíka tillögu fram. Þess í stað var ákveðið að fresta ákvörðun til hausts- ins. Verði niðurstaðan sú að olúbirgðastöðin við Suður- götu verði endurbyggð lýkur áratugabaráttu bæjaryfirvalda fyrir færslu olúbirgðastöðva í bænum. Fag nefndir bæjarins vilja að staðið verði fast á því að stöðvarnar fari.

Um áratugaskeið hafa olú- félögin haft birgðastöðvar á Eyrinni á Ísafirði. Olúfélagið hf. hefur birgðastöð við Mjó- sund og Skeljungur hf. og Olís hf. eru með sameiginlega birgðastöð skammt frá, við Suðurgötu. Ástæða þess að þau félög eru saman með að- stöðu er sú að um áratuga skeið var sama fyrirtækið með um- boð fyrir félögin á Ísafirði. Undanfarin ár hefur dreifikerfi olúfélaganna breyst nokkuð með tilkomu Olíudreifingar hf. sem er í eigu Olúfélagsins og Olís.

Undanfarna áratugi hefur

það verið kappsmál bæjaryfir- valda að olúbirgðastöðvunum yrði fundinn nýr staður. Ástæðan er einföld. Byggð á Eyrinni hefur nálgast mjög birgðastöðvarnar og bæjarfé- lagið hefur viljað koma starf- seminni á annan stað. Á nokkr- um stöðum á landinu hafa olú- birgðastöðvar verið fluttar til vegna breyttra aðstæðna og aukinna krafna til starfsemi þeirra.

Af bréfaskriftum og fundar- gerðum frá þessu tímabili má ráða að bæjaryfirvöld hafa lengst af ekki ljáð máls á öðru en að öll núverandi starfsemi olúfélaganna fari annað. Hinsvegar hafa verið uppi ýmsar hugmyndir um hvert starfsemin ætti að fara. Á ár- unum í kringum 1990 voru uppi hugmyndir um staðset- ningu olútanka við utanverðan Mávagarð í Sundahöfn. Vegna mikillar nálægðar þeirrar stöðvar við öflug matvælafyr- irtæki var hætt við þá stað- setningu og ákveðið að stöðin yrði reyst syðst á Suðurtanga. Í framhaldinu var deiliskipu- lagi breytt og samkvæmt gild- andi skipulagi er reiknað með að stöðin rísi þar í framtíðinni.



Olútankar við Mjósund.

Olúfélögin hafa í gegnum tíðina verið mishrfin af þess-

um hugmyndum bæjaryfir- valda. Seint verður sagt að þau hafi tekið þeim fagnandi en ekki hafa þau heldur mótmælt þeim hástöfum. Hafa þau jafn- an tekið þátt í viðræðum en oftast hefur kostnaðarhliðin komið til tals vegna þessara breytinga. Þannig hagar til að lóðarleiga olúbirgðastöðvar við Mjósund er úrunnin síðan 1993 og hefur sú stöð því verið án samnings í 11 ár. Lóðar- leiga nyrðri hluta birgðastöð- ar við Suðurgötu rann út 1986 og hefur sá hluti því verið án leigusamnings í 17 ár. Syðri hluti stöðvarinnar við Suður- götu er með leigusamning til ársins 2049. Að auki er stöðin þar með lóð sem aldrei hefur verið samningur um.

Eins og áður sagði er sam- kvæmt gildandi deiliskipulagi reiknað með staðsetningu olú- birgðastöðvar syðst á Suður- tanga án athugasemda frá olú- félögunum. Við landvinninga á því svæði var gert ráð fyrir stöðinni og því má segja að bæjarfélagið hafi þegar lagt í nokkurn kostnað vegna þess skipulags. Á hitt ber að líta að aldrei höfðu verið gerðir samn- ingar um endanlega tilfærslu stöðvanna þangað og því síður um hugsanlegan hlut bæjar- sjóðs í því sambandi.

Undanfarin ár hefur komið upp andstaða meðal olúfélag- anna við flutning á Suðurtanga og er mikill kostnaður nefndur í því sambandi. Því var viðruð sú hugmynd af hálfu bæjarins hvort staðsetning við Sunda- höfn kæmi frekar til greina. Undanfarna mánuði hafa olú- félögin hinsvegar alfarið lagst

gegn öllum hugmyndum um flutning. Vilja þau starfrækja áfram stöðina við Suðurgötu þar sem lóðarleigusamningur er til 2049 eins og áður sagði. Þó er ljóst að til þess að sú stöð gæti starfað áfram þarf verulegar endurbætur og einn- ig þarf nýjan lóðarleigusamn- ing fyrir þann hluta starfsem- innar sem ekki hefur samning í dag. Olúfélögin telja að eigi þau að færa starfsemi sína verði bæjarsjóður að greiða þann kostnað. Hann hleypur á milljónatugum samkvæmt út- reikningum olúfélaganna sjálfra. Svo virðist sem sjónar- mið olúfélaganna mæti nú skilningi hjá einstökum bæjar- fulltrúum. Aðrir bæjarfulltrúar telja fráleitt að nú verði vikið frá áratuga samhljóða stefnu bæjarstjórnar að olúbirgða- stöðvarnar flytji og núverandi landssvæði þeirra verði notuð til annarrar starfsemi. Fag- nefndir bæjarins sem fjalla um málið þ.e. hafnarstjórn og um- hverfisnefnd eru sammála um að halda beri fast við núver- andi skipulag og núverandi stöðvar víki.

Ljóst er að bæjarfulltrúar sem hafað ræddi við munu eiga mjög erfitt með að taka ákvörðun í þessu máli. Sumir segja að minnkandi umsvif í atvinnulífi kalli ekki á notkun þessara lóða sem nú eru nýttar undir stöðvarnar. Minnkandi útgerð hafi einnig dregið mátt og vilja úr olúfélagunum og því muni þau sækja fast að bærinn greiði flutninginn að fullu. Því sé rétt að viðurkenna staðreyndir og fallast á áfram- haldandi staðsetningu við

Suðurgötu. Einn bæjarfulltrúi orðaði það svo að bæjaryfir- völd væru í þessu máli í hlut- verki hins sigræða manns. Ekki þýddi að loka augunum fyrir þeim staðreyndum að hér færu umsvif atvinnufyrirtækja minnkandi.

Aðrir segja það fráleitt að senda þau skilaboð útí þjóðfé- lagið að vegna minnkandi um- svifa verði að hætta við flutn- ing. Með því sé verið að sam- þykkja þessa staðsetningu um aldur og æfi og ekki verði aftur snúið þegar byggð hér vaxi á ný. Það sjónarmið hefur verið áberandi í umræðunni að olú- félögin hafi undanfarna áratugi rekið hér mjög ábatasama starfsemi. Meðal annars með starfrækslu sameiginlegrar bensínstöðvar sem gert hefur þeim kleift að hafa mun hærra eldsneytisverð á svæðinu en víðast hvar annarsstaðar á landinu. Einnig hafi þau með öðru samráði sínu sem nú er til rannsóknar hjá samkeppn- isyfyrvöldum haft mikinn um- framhagnað. Þau séu því ekki í síðferðilegri stöðu til þess að standa gegn eindregnum ósk- um bæjaryfirvalda um flutning sem kosta muni einungis um 50 milljónum meira en fyrir- sjáanleg endurbygging núver- andi birgðastöðvar. Það sé langt innan við það sem lítil bensínstöð kosti í byggingu. Með því að framlengja núver- andi staðsetningu sé einnig verið að koma í veg fyrir hugs- anlega innkomu nýrra olúfé- laga sem að undanfögnu hafa verið að þreifa fyrir sér á mark- aðnum. Því verði komið í veg fyrir hugsanlega samkeppni í

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HÖL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: etg@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús:
Gósholt 7: 167 m² fallegt einbýlishús úr timbri ásamt 43 m² bílskúr og grónum garði. Verð 15,0 m.kr.
Brautarholt 4: Steinstept 140 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34 m² frágengnum bílskúr. Verð 14,9 m.kr.
Hjallavegur 21: Stórt og glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldri bílgeymslu. Fallegt útsýni. Verð 15,6 m.kr.
Seljaland 9: 139 m² glæsilegt og vandað einbýlishús ásamt 42 m² bílskúr og 15,8 m² sólstofu. Verð 16,7 m.kr.
4-6 herbergja íbúðir:
Urðarvegur 45: 131 m² fjögurra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 8,4 m.kr.
Sundstræti 34: 140 m² nýleg fjögurra herbergja íbúð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Verð 11,2 m.kr.
Silfurgata 11: 125 m² nýlega uppgerð íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýlishúsi. Verð 6,8 m.kr.
Mjallargata 1: 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur af svölum. Verð 9,5 m.kr.
Stórholt 7: 116 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í fjöl-

býlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 8 m.kr.
Smiðjugata 7: 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 6,4 m.kr.
Túngata 12: 99 m² íbúð á miðhæð í þrívíðishúsi ásamt bílskúr og garði. Verð 7,9 m.kr.
3ja herbergja íbúðir:
Túngata 3: Nýlega uppgerð 80 m² íbúð á tveimur hæðum í þrívíðishúsi. Verð 4,9 m.kr.
Sundstræti 22: Þriggja herbergja 62,6 m² íbúð á 1 kjallara í fjölbýlishúsi. Verð 4 m.kr.
Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þrívíðishúsi. Áhv. ca. 3,2 m.kr. Verð 5,3 m.kr.
Aðalstræti 17: 107 m² þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð 7,5 m.kr.
2ja herbergja íbúðir:
Hlíf 2, Torfnesi: 50,4 m² tveggja herbergja íbúð á 4.hæð á Dvalarheimili aldraðra. Verð 6,3 m.kr.
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi. Verð 4 m.kr.
Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4,6 m.kr.
Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalds bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. Tilboð óskast.
Atvinnuhúsnæði:
Silfurgata 6: 98m² verslunarhúsnæði á neðri hæð í tvílyftu húsi. Rekstur Baðstofunnar ehf. er einnig til sölu. Tilboð óskast.

Árnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnarsvæði. Stórt og rúmgott smíðaverkstæði með skrifstofuáðstöðu. Tilboð óskast.
Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Nýtt atvinnuhúsnæði, vel búið og í góðu standi. Verð 25 m.kr.
Suðurtangi 2: 210 m² trésmíðaverkstæði á einni hæð ásamt geymslulofti. Verð 4,5 m.kr.
Bolungarvík:
Vitastígur 8: 99,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum, allt nýuppgerð. Verð 8,5 m.kr.
Vitastígur 19: 73,1 m² 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16 m² bílgeymslu. Tilboð óskast.
Hjallastræti 38: 113,9 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 59,2 m² bílskúr. Verð 6,5 m.kr.
Stigahlíð 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast.
Traðarstígur 7: 108,1 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 36,2 m² bílskúr og 16 m² garðskála. Tilboð óskast
Þingeyri:
Aðalstræti 23: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum með sólstofu. Verð 4,5 m.kr.
Sumarbústaðir:
Sumarbústaður til flutnings: 46,4m² sumarhús sem hægt er að flytja, staðsettur í Mjóafirði, 3 herbergi, stofa, eldhús og svefnloft. Tilboð óskast.

olíusölu á svæðinu í framtíð-inni og með því verði lokað fyrir möguleika á sparnaði atvinnulífs og almennings. Ennfremur heyrir sú skoðun að fráleitt væri að bæjarstjórn fari að ganga í berhögg við stefnu fagnefnda bæjarfélags-ins í þessu máli.

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku voru málin rædd með full-trúum olíufélaganna ásamt formanni hafnarstjórnar, hafnarstjóra og bæjartæknifræð-ingi. Bæjarráð samþykkti að umræðum loknum að fela bæj-arstjóra að móta tillögu um málið og leggja fyrir fund bæj-arstjórnar sem haldinn var á fimmtudaginn. Á fundinum lagði Birna Lárusdóttir forseti bæjarstjórnar fram svohljóð-andi tillögu meirihluta bæjar-stjórnar: „Bæjarstjórn samþykkir að fresta ákvarðana-töku um málefni olíubirgða-stöðvar og framtíðarstaðsetn-ingu hennar fram til hausts. Bæjarstjóra er falið að vinna frekari grunnvinnu í málinu.“ Lárus Valdimarsson og Sæ-mundur Þorvaldsson bæjar-fulltrúar Samykkingar lögðu í kjölfarið fram svohljóðandi bókun: „Undirritaðir fulltrúar Samfylkingar fögnum þeirri ákvörðun meirihluta bæjar-stjórnar, um að fresta tillögu-gerð er varðar staðsetningu olíubirgðarstöðvar. Að okkar mati er sú niðurstaða skyn-samleg miðað við þær forsend-ur sem fyrir liggja í þessu máli.“

Í samtali við blaðið sagði Halldór Halldórsson bæjar-stjóri að eftir umræður innan meirihluta bæjarstjórnar hefði verið ákveðið að fresta málinu til haustsins og nýta tímann til vissrar grunnvinnu í málinu. Aðspurður hvort ágreiningur innan meirihluta bæjarstjórnar hafi valdið því að engin tillaga kom fram sagði Halldór svo ekki vera. „Niðurstaðan varð einfaldlega sú að vinna málið betur áður en endanleg ákvörð-un verður tekin.“

Lárus Valdimarsson bæjar-fulltrúi sagði í samtali við blaðið að þarna sé á ferðinni mun stærra hagsmunamál bæj-arbúa en í fyrstu mætti ætla. Ekki sé einungis verið að fjalla um lóðir og staðsetningu. Það sé einnig verið að ákveða með hvaða hætti umhverfismálum olíufélaganna verði háttað í framtíðinni. Þau hafa að sögn Lárusar ekki verið til fyrir-myndar á undanförnum árum. „Stærsta hagsmunamál bæjar-búa er síðan að uppbygging birgðastöðvar tryggi að ný olíufélög geti komist hér inná markaðinn og tryggt raunveru-lega samkeppni. Þær hug-myndir sem uppi eru um að framlengja núverandi ástand hindrar innkomu nýrra félaga á markaðinn. Nýjustu fréttir af verðlagningu olíuvara á landsbyggðinni sýna svo ekki verður um villst að bæjarfé-lagið má ekki með aðgerðum sínum hefta möguleika nýrra félaga á svæðinu.“ sagði Lár-us.

Samantekt: Halldór Jónsson, blaðamaður



Hluta leiðarinnar þarf að fara eftir fjörunni. Myndin er tekin undir svonefndum Björgum, milli Lokinhamradals og Stapadals í Arnarfirði. Myndir: Grétar Sigurðsson.

Leiðin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar fyrir nes, eins og það er stundum kallað, var opnuð í síðustu viku en leiðin liggur að mestu um jeppaveg sem Elías Kjaran Friðfinnsson, ýtustjóri á Þingeyri, ruddi á sínum tíma, og þarf að

ryðja hluta hennar á hverju ári. Leiðin sem er um 50 km löng, liggur m.a. um Svalvoga sem þykja státa af mikilli náttúrufegu-urð og um svonefndar Hrafnholur en þar þykir vegurinn hvað hrikalegast-ur. Leiðin er afar vinsæl

meðal ferðafólks sem hrífst af stórbrotinni náttúrunni og fara fjölmargir bílar þar um hvern dag meðan fært er yfir sumartímann. Grétar Sigurðsson á Ísa-firði fór leiðina og tók með-fylgjandi myndir við það tækifæri. – kristinn@bb.is



Öflugur jeppinn virðist agnarsmár innan um björgin.

Rafn Ragnar Jónsson hljómlistarmaður, sem fæddist á Suðureyri við Súg-andafjörð hinn 8. desember 1954, andaðist 27. júní 2004. Hann lagði ungur fyrir sig tónlistina og náði frábærum árangri á ferli sínum, sem spannaði margar hljómsveit-ir. Undirritaður naut þess fyrir þremur áratugum að kynnast Rafni, einkum tón-listinni. Hljómsveitirnar Ýr og Grafík héldu nafni hans á loft og hann þeirra, enda frá-bær trommuleikari og stund-aði þá list af kappi. Það sýndi sig þegar hann fór til Sví-þjóðar og lagði fyrir sig nám í áslætti. Rafn var án nokkurs vafa einn allra bezti trommu-leikari í íslenzku rokki. Heim

Kveðja og þakki

kominn sýndi hann að honum hefði farið fram, sem reyndar var ótrúlegt miðað við getu hans og færni fyrir. Alla tíð leitaði Rafn fram á við og þroskaðist sem tónlist-armaður. Margir Íslendingar minnst hans úr Bítlavinafé-laginu, þar sem hann setti per-sónulegan svip sinn á tónlist-ina með takti sínum og ljúfri framkomu. En það sem ofar öðru sýndi styrk Rafns var hvernig hann tókst á við MND sjúkdóminn og varð þeim, sem við hann búa og berjast, fyrirmynd. Það



Rafn Ragnar Jónsson.

urðu örlög hans að láta af trommuleiknum, sem var hon-um afar kær. Við hittumst stundum og ætíð var Rafn sjálfum sér líkur, ljúfur góður og lítillátur, gaf sér tíma til að spjalla og ræða tónlist, jafnt og daginn og veginn og gaf af sér. Hann tók forystu í félags-skap sem barðist við þennan ógnandi sjúkdóm og dró hvergi af. Stuðningur Frið-gerðar, eiginkonu hans, og sona þeirra, Egils Arnar, Ragn-ars Sólberg og Rafns Inga, sem feta í fótspor föður síns, var mikill og ómetanlegur.

Góður drengur er geng-inn, sem ræktaði sinn vest-firska arf og hélt á lofti nafni Vestfjarða og Vestfirðinga í tónlistinni. Eftirlifandi móður Rafns, Rögnu Sól-berg, eiginkonu, börnum og öðrum ættingjum eru færðar innilegar samúðarkveðjur. Blessuð sé minning Rafns Ragnars Jónssonar. Lífið verður fátæklegra án hans en minningin lifir. Minningarathöfn um Rafn verður í Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 5. júlí n.k kl. 15:00 og útför hans verður gerð frá Ísa-fjarðarkirkju fimmtudaginn 8. júlí n.k. kl. 15:00. Ólafur Helgi Kjartansson.



Starfsfólk óskast

Óskum eftir að ráða starfsfólk, 25 ára og eldri, í vaktavinnu um kvöld og helgar. Við-talstímar á Langa Manga á föstudag kl. 17-18 og á laugardag kl. 13-14.

Nánari upplýsingar eru gefnar í sínum 891 7022 (Elvar Logi) og 456 3022 (Langi Mangi).

Atvinna

Vanur járníðnaðarmaður óskast til starfa. Upplýsingar gefur Óli í sínum 456 4750 eða 898 5865.



Vélsmiðjan Pristur

Smáauglýsingar

Til sölu eða leigu er Sundstræti 11 á Ísafirði frá og með næstu mánaðarmótum. Uppl. í sínum 893 1769 (Sigga) og 863 1616 (Gugga) eftir kl. 18.

Óska eftir lítilli, 3 kg. þvottavél. Upplýsingar í sínum 456 4664 og 866 5491.

Óskum eftir að leigja fellihýsi frá 29. júlí til 9. ágúst. Ef einhver getur leigt okkur fellihýsi þennan tíma, þá vinsamlegast hafið samband við Guðmund Konráðsson eða Hörpu Björnsdóttur í síma 456 4342 eða 863 1618.

Er að byrja búa. Vantar notuð húsgögn gefins eða fyrir lítið. Næstum allt er þegið. Uppl. í síma 868 6806.

Ódýr bíll til sölu, Nissan Sunny, 4x4. Skoðaður 05. Upplýsingar í síma 899 7755.

Til sölu er Deep Chreokee árg. 87, ekinn 190 þús. km. Uppl. gefur Fríða í síma 899 3178.

Hlíðarvegspúkari Munið Hlíðarvegspúkafartýlð í ágúst.

Til sölu er Lada Sport árg. 1990, ekinn 55 þús. km. Verð 50 þús. kr. Uppl. í síma 863 3859.

Til sölu er lítið notað Viking fellihýsi með fortjaldi og svefntjöldum. Uppl. í sínum 456 3482 eða 845 1831.

Vantar ódýra, notaða, þvottavél. Uppl. í síma 849 8699.

Til sölu er sófaborð úr beyki, AEG eldavél og Woolpool uppþvottavél. Allt nýlegt. Uppl. í síma 820 7526 og 456 3592.

Til sölu er gamall antik sófasett sem þarf að yfirdekkja. Upplýsingar í síma 456 3261.

Til sölu er miðil á stórtónleika Metallica í Egilshöll 4. júlí. Miðinn er á A-svæði og selst ekki á minna en 15 þús. Hafið samband við Grím í síma 456 3470 eða 848 3435.

Óska eftir að taka á leigu herbergi á Ísafirði með aðgangi að sturtu og eldhúsi. Uppl. gefur Hilmar í síma 869 3602.

Til sölu er 10 feta tvöfaldur Pioneer bátur með vagni og árum. Verð kr. 95 þús. Báturinn er í Súðavík. Uppl. gefa Sigurjón í síma 616 1716 og Kjartan Geir í síma 456 4942.

Ath! Fólk sem er með hunda sem þarf að klippa. Er að reyna að safna saman hundaeigendum til að taka höndum saman um að fá hundasnyrti í bælinn. Uppl. gefur Dagný Þrastar í síma 456 3041.

Bílskúrshurðafjarstýring er í óskilum í Rammagerðinni á Ísafirði. Uppl. í síma 456 3041.

Til sölu er stórt, sex manna kúlu-tjald. Uppl. í síma 898 4043.

BB – smáauglýsingar



Sigmundur Þórðarson og Halldór Halldórsson undirrita samninginn að viðstöddum m.a. fulltrúum Höfrungs. Mynd: Rúnar Óli Karlsson.

Ísafjarðarbær og Íþróttafélagið Höfrungur á Þingeyri

Samið um gerð grasvallar

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, og Sigmundur Þórðarson, formaður Ungmennafélagsins Höfrungs, skrifuðu í síðustu viku

undir samning um gerð grasvallar á Þingeyri. Fyrir er mal-arvöllur sem ætlunin er að tyrfa og þótti vel við hæfi undirritunin færi fram þar.

Áætlað er að verkið kosti rúmar 13 milljónir og mun Ísafjarðarbær leggja fram fimm milljónir en afganginn mun Höfrungur leggja fram af eigin

fé og í formi sjálfboðavinnu. Völlurinn verður 105x65 met-rar að stærð. Höfrungur fagnar 100 ára afmæli á árinu.

– kristinn@bb.is

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri og sýslumaður á Ísafirði

Dúxaði í sérnámi fyrir lögregluna

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður á Ísafirði, og Önundur Jónsson yfirlög-regluþjónn hafa nýlega lokið tveggja anna sérnámi í stjór-nun sem Lögregluskóli ríkisins bauð í samstarfi við Endur-menntunarstofnun HÍ. Sigríður varð hæst á prófi en hún hlaut 9,15 í aðaleinkunn. Um er að ræða diploma-nám sem gefur 23 einingar á háskóla-stigi. Þátttakendur voru 42 af

öllu landinu, þar af fjórir lög-reglustjórar og varalög-reglustjóri í Reykjavík, yfirlög-regluþjónnar, aðstoðaryfirlög-regluþjónnar, lögreglufulltrúar og aðalvarðstjórar. Námið stóð frá mars 2003 til júní 2004 og var sérstaklega ætlað stjórnendum í lögreglu og var það í fyrsta sinn sem boðið var upp á nám af þessu tagi. Meðal annars var farið yfir árangursrík samskipti,

upplýsingatækni, jafnréttis-mál, stjórnsýslurétt, starfs-mannastefnu og stjórnunarað-ferðir. „Stjórnunarkennsla er ekki síst nauðsynleg hjá lög-reglunni þar sem sömu lögmál gilda þar og í öðrum stofnun-um“, segir Sigríður Björk. Nú þegar hafa Jón Svanberg Hjartarson og Hlynur Snorra-son frá lögreglunni á Ísafirði hafið sams konar nám, sem áætlað er að ljúki í júní 2005.



Önundur Jónsson yfirlög-regluþjónn og Sigríður Björk Guðjónsdóttir sýslumaður. Mynd: Stefán B. Öndarson.

STAKKUR SKRIFAR

Nýr forseti?

Forsetakosningar fóru fram laugardaginn 26. júní 2004. Hans verður minnst í Íslandssögunni. Þær voru óvenjulegar en niðurstaðan fyrirsjáanleg. Venjulega hefur þjóðin sætt sig möglunarlaust við að forseti sitji áfram eftir tvö kjörtímabil. Annað var uppi á teningnum nú. Innan við 63% kjósenda fóru á kjörstað. Það er umhugsunarvert, enda lakasta kjörsókn í sögu lýðveldisins. Um var að ræða nánast skrípamynd af kosningum. Sitjandi forseti á léttan leik gegn tveimur mjög veikum frambjóðendum. Úr þessum hlutfallslega minnsta hópi kjósenda í nokkrum forsetakosningum skiluðu 27627 kjósendur auðu, nærri 21%, nærri tvöfalt fleiri en kusu hina frambjóðendurna tvo. Þeir fengu samanlagt 11,4% atkvæða. Forsetinn hlaut atkvæði 67,9% þeirra sem kusu eða 42,5% kjósenda á kjörskrá. Er ólíku að jafna við kosningarnar sem forverinn, Frú Vigdís Finnbogadóttir, tók þátt í eftir tvö kjörtímabil 1988. Þá mættu 72,8% kjósenda á kjörstað. Frú Vigdís hlaut 94,5% atkvæða, sem var ótvíræður sigur hennar miðað við aðstæður. Fyrir viku var sagt hér að þjóðin ætti ekkert val. Með því að skila auðu hefur þjóðin nú sýnt að þau orð voru ekki að fullu marktæk. Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, og reyndar Vestfirðingur, sagði í Fréttablaðinu á kjördeggi: „Ef við gefum okkur að auðir seðlar verði tíu prósent er ljóst að forsetinn er ekki lengur óumdeilt sameiningartákn.“ Stjórnmálafræði-prófessor hefur sett viðmið. Óbreyttur almúginn hlýtur að taka mark á því. Nið-

urstaðan er ljós. Auðir seðlar reyndust meira en tvöfalt fleiri en umrætt viðmið. Árið 1988 sagði Svanhildur Halldórsdóttir, að stuðningsmenn Vigdísar vildu líta svo á að þeir sem heima sátu hafi stutt forsetann. Þau ummæli eru eftirtektarverð þegar skoðuð eru viðbrögð núverandi forseta. Hann reynir að sannfæra sjálfan sig og þjóðina um að Morgunblaðið beri ábyrgð á auðu atkvæðunum. Um aðra menn hefði verið sagt að sýn þeirra á raunveruleikann væri skert, að trúa því að frétt í dagblaði hafi áhrif á skoðun nærri 28 þúsund kjósenda á nokkrum klukkustundum. Synjun forsetans á staðfestingu laga er snertu fjölmiðla og eignarhald verður einhvern veginn athyglisverðari á eftir. Fráleitt er að segja að sótt hafi verið að forsetanum. Vill ekki maðurinn sem lofði þjóð sinni því í áramótaávarpinu að taka þátt í umræðunni um forsetaembættið standa við loforðið og tala skýrar? Hann færirst stöðugt undan að svara spurn-ingum sem kjósendur eiga rétt á að fá svör við. Hver verða viðmið hans fram-vegis þegar hann synjar lögum Alþingis staðfestingar? Líta verður á slakari kjörsókn og mun betri árangur annars móttframbjóðandans nú en hins eina 1988 og það, að nú streymdi fólk á kjörstað til þess að skila auðu. Það er sögulegt. Niðurstaðan er brestur milli forseta og þjóðar, sem í eðli sínu er íhaldsöm og hefur ætíð sætt sig við sitjandi forseta. Frú Vigdís átti við slaka kjörsókn stuðning 69% þeirra er á kjörskrá stóðu. Í Norðvesturkjördæmi var árangur forsetans skástur.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í Bæjarins besta í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.

Tilbættis gíða frá fimmtudegi 1. júl til sunnudegi 4. júl eða meðan bílgjör endast

Ferðalagið byrjar í Bónus!

400 ASA smelli myndavæði með flösk



299



99



399



49

3 BRATZ undirbúar



799

BRATZ STRÖNG



1499

BRATZ NATTUKÖLL



1499

Maryland



79

ROD OG BEINLAUSER YSABETAR



299



1049



30% afsláttur


-og sólin skín...



20% afsláttur
663



149



503
40% afsláttur




30% afsláttur



40% afsláttur



99



78



399



40% afsláttur



1006



897



59



459

Bónus býður betur!

Bæjarstjórinn spurði kráargesti spjörunum úr í „Drekktu betur“

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar-bæjar, var gestaspyrill í „Drekktu betur“, vikulegri spurningakeppni sem haldin er á veitingahúsinu Sjallanum á Ísafirði á föstudagskvöldum. Spurningakeppnin fer þannig fram að lagðar eru þrjátíu spurningar fyrir keppendur og sigrar sá sem getur flestar rétt. Keppendur

mega vera tveir saman í liði en ekki fleiri. Sigurvegarar á föstudagskvöld voru þau Kristinn Hermannsson og Lea Bergsveinsdóttir með 25 rétt svör. Í öðru sæti með 24 rétt svör voru Ásgeir Sigurðsson og Gunnar Örn Gunnarsson. Að sögn kunnugra reyndu spurningar Halldórs vel á heilaselldur keppendanna og

var víst að allir þátttakendurnir voru betur að sér um ýmis vestfirsk mál að keppninni lokinni. Halldór skoraði á nýbakaðan sigurvegara, Kristin Hermannsson, að vera gestaspyrill í næstu viku. Vegleg verðlaun eru í boði og vilja aðstandendur keppninnar koma sérstökum þökkum til umboðs Ölgerðar Egils

Skallagrimssonar á Ísafirði sem er helsti styrktaraðili Drekktu betur. Keppnin styðst við fyrirmynd frá kránni Grand rokk í Reykjavík en þaðan er formið sótt til svokallaðra Pub quiz sem tíðkast víða á Bretlandseyjum. – thelma@bb.is

Fullur salur sat fyrir svörum.



Helgarveðrið

- Horfur á fimmtudag:** Norðaustan 5-10 m/s og súld eða rigning, en skýjað með köflum og þurrt á Suðvestur- og Vesturlandi. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast vestanlands.
- Horfur á föstudag:** Hæg norðlæg eða breytileg átt, skýjað með köflum og víða dálitlar skúrir. Hiti breytist lítið.
- Horfur á laugardag:** Hæg norðlæg eða breytileg átt, skýjað með köflum og víða dálitlar skúrir. Hiti breytist lítið.
- Horfur á sunnudag:** Hæg norðlæg eða breytileg átt, skýjað með köflum og víða dálitlar skúrir. Hiti breytist lítið.
- Horfur á mánudag:** Hæg norðlæg eða breytileg átt, skýjað með köflum og víða dálitlar skúrir. Hiti breytist lítið.

Kirkjustarf

Staðarkirkja í Aðalvík: Messa sunnudaginn 4. júlí kl. 14:00. Fermdur verður Bæring Gunnar Steinþórsson.

Spurningin

Ætlar þú að velta þér upp úr dögginni á Jónsmessunótt?
Alls svöruðu 171.
Já sögðu 41 eða 24%
Nei sögðu 130 eða 76%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Vinningshafar á mótinu.



Magnús Gautur Gíslason nýkrýndur Vestfjarðameistari í Golfi. Myndir: vikari.is.

Magnús Vestfjarðameistari í golfi

Vestfjarðamótið í golfi var haldið á Syðridalsvelli í Bolungarvík um síðustu helgi. Tæplega 60 kylfingar mættu til leiks að þessu sinni og léku 36

holu högguleik við góðar aðstæður. Magnús Gautur Gíslason úr Golfklúbbi Ísafjarðar varð Vestfjarðameistari í karlaflokki en hann lék á 153

höggum. Anna Ragnheiður Grétarsdóttir úr Golfklúbbi Ísafjarðar varð Vestfjarðameistari í kvennaflokki en hún lék á 188 höggum.

Keppnin var oft á tíðum æsispennandi og sýndu kylfingarnir glæsileg tilþrif. Þar bar helst til tíðinda að Rögnvaldur Magnússon úr Golfklúbbi Bolungar-

víkur setti nýtt vallarmet á Syðridalsvelli á fyrri degi mótsins en hann lék völinn á 70 höggum sem er einu höggi undir pari vallarins. Á seinni degi mótsins náði Magnús Gautur Gíslason (GÍ) mjög góðum hring en hann lék þá á 71 höggi eða pari vallarins.

Að auki voru veitt þrenn aukaverðlaun á mótinu. Sveinn Kristján Guðjónsson GÍ fékk verðlaun fyrir besta skor með forgjöf en hann lék á 137 höggum, Magnús Jónsson GBB fékk nándarverðlaun á 3./12. holu og Hólmur Jóhann Hinriksson GÍ fékk nándarverðlaun á 5./14. holu.

Úrslit Vestfjarðamótsins í golfi urðu eftirfarandi:

1. flokkur karla

- 1. Magnús Gautur Gíslason GÍ – 153 högg
- 2. Sigurður Fannar Grétarsson GÍ – 154 högg
- 3. Magnús Jónsson GBB – 157 högg

2. flokkur karla

- 1. Hólmur Jóhann Hinriksson GÍ – 168 högg
- 2. Brad Alexander Egan GGL – 178 högg
- 3. Einar Valur Kristjánsson GÍ – 181 högg

3. flokkur karla

- 1. Sveinn Kristján Guðjónsson GÍ – 189 högg
- 2. Hinrik Kristjánsson GÍ – 190 högg
- 3. Jens Andrés Guðmundsson GÍ – 195 högg

Kvennaflokkur

- 1. Anna Ragnheiður Grétarsdóttir GÍ – 188 högg
- 2. Bára Margrét Pálsdóttir GP – 194 högg
- 3. Helga Guðjónsdóttir GP – 197 högg

Unglingaflokkur

- 1. Högni Gunnar Pétursson GÍ – 176 högg
- 2. Snorri Karl Birgisson GGL – 183 högg
- 3. Jón Ingi Grímsson GBO – 207 högg

Öldungaflokkur

- 1. Páll Guðmundsson GBO – 172 högg
- 2. Ingi Magnfreðsson GÍ – 179 högg
- 3. Finnur Magnússon GÍ – 183 högg

> RÚV: 3. júlí kl. 20:15

Eldflaugasmiðurinn

October Sky er bíómynd sem byggð er á sannri sögu um ungan son kolanámu-manns í Vestur-Virginíu sem fór að fíkta við eldflaugasmiði um miðja síðustu öld í trássi við vilja föður síns. Fyrir Hómer lá ekkert annað en að vera námumaður eins og pabbi hans en eftir að gervihnettinum Spútnik var skotið á loft árið 1957 fékk hann óstöðvandi áhuga á eldflaugasmiði.



> Stöð 2: 2. júlí kl. 23:15

Martröð í blokkinni

The 4th floor eða Martröð í blokkinni er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Myndin segir frá Jane Emelin sem erfir íbúð ömmu sinnar í fjölbýlishúsi en sú gamla lést í dularfullu slysi. Jane flytur í íbúðina full tilhlökkunar en fljótlega renna á hana tvaer grímur. Einhver gerir henni lífið leitt með ógeðfelldum hætti. Aðalhlutverk: Juliette Lewis.



> Sýn: 2. júlí kl. 23:15

Hrói höttur og ævintýri hans

Söguna um Hróa hött þekkja allir. Ævintýri hans hafa margoft verið kvikmynduð en í þessari mynd er það gert með öðrum hætti en áður. Hrói höttur, sem var útlagi í Englandi á tólfstu öld, er þó enn í Skírisskógi og rænir frá ríkum og gefur fátækum. Hin eilífa barátta við vonda fógetann í Nottingham heldur líka auðvitað áfram.



Varasamur gjörningur Morrans

Morrinn, atvinnuleikhús ungs fólks í Ísafjarðarbæ, stóð fyrir óvæntri uppákomu á Ísafirði á fimmtudag. Gjörningurinn bar yfirskriftina „umferðin á Ísafirði“ og fólst í því að ungmenni stilltu sér upp á við og dreif um miðbæinn og héldu uppi tilhæfulausum umferðarskiltum. Ekki virðist sem allir ökumenn hafi áttað sig á því að hér var um listviðburð að ræða. Þannig hafði blaðið spurnir af a.m.k. einum ökumanni sem

hlýddi skilti við gatnamót Hafnarstrætis og Austurvegar um að beygja upp á móti einstefnunni í Hafnarstræti. „Það kemur mér á óvart að fólk hafi ekki áttað sig á að þarna var um gjörning að ræða þar sem krakkar héldu uppi skiltunum. Ég vona að fólk hafi nú tekið þessu vel“, segir Ingvar Alfreðsson, einn af leikstjórum Morrans, aðspurður um atvikið. – thelma@bb.is



Einn Morraliða stendur með skilti við gatnamót Hafnarstrætis og Austurvegar. Það getur verið varasamt að taka listina of alvarlega, eins og dæmin sanna.

Smáauglýsingar

Dósamóttakan á Ísafirði verður lokið frá 5. júlí til og með 16. júlí vegna sumarleyfa.

Viltu læra svæðanudd. Uppl. í síma 893 4857.

Til sölu er lítið Yamaha planó. Uppl. í sínum 892 3002 eða 456 3002.

Til sölu er MMC Lancer árg. 94, ekinn 130 þús. km. Upplýsingar í síma 861 8980.

Til leigu er raðhús á besta stað í Kópavogi í 10-11 mánuði. Tilvalið fyrir skólafólk t.d. 2-4 saman. Uppl. gefa Kristrún í síma 864 2934 og Óskar í sínum 664 8091 eða 554 3228.

Húseignin að Miðstræti 17 í Bolungarvík er til sölu ásamt bílskúr. Uppl. í síma 456 7173.

Til sölu er RB rúm, stærð: 105x 200. Verð kr. 39 þús. Kostar nýtt kr. 48 þús. Uppl. í sínum 863 1612 eða 846 7487.

Til sölu er MMC Galant árg. 95. Uppl. í síma 894 1892.

Planta milljónasta trénu

Frá því Skjólskógar á Vestfjörðum tóku til starfa á síðasta áratug hafa skógarbændur plantað rúmlega einni milljón skógarplantna í jarðir sínar. Milljónasta plantan fór í jörð á Kvígindisfelli í Tálknafirði í fyrstu viku júní mánaðar. Að auki hefur hundruðum þúsunda græðlinga verið stungið niður við skjólbeltagerð. Þetta var tilkynnt á aðalfundi Félags skógarbænda á Vestfjörðum sem haldinn var á Sólbakka í Önundarfirði fyrir skemmstu. Sæmundur Kr. Þorvaldsson, forstöðumaður Skjólskóganna, segir að á fjórutíu jörðum á Vestfjörðum sé nú stunduð skógrækt í atvinnuskyni og verði 430.000 plöntur settar niður í sumar. Samningsbundið land fyrir skógrækt eru nú orðið 1.800 hektarar og þar af hefur verið plantað í um 450 hektara. Að sögn Sæmundar námu bein framlög hins opinbera til framkvæmdanna rúmum 22 milljónum króna á árinu 2003 og verða yfir 25 milljónir á þessu ári. Frá upphafi Skjólskóga hefur mest verið gróðursett af björkum eða um 40%, þá koma grenitegundir með um 23% hlutdeild og lerki með um 16%. Um 8% gróðursetningarinnar eru viðitegundir, 6% furur, 3% aspir og 3% elri en minna hefur verið plantað af öðrum tegundum. Sæmundur segir að á næstu árum megi búast við að hlutfall grenitegunda fari vaxandi þar sem stærri samfelld svæði eru að koma inn í skógrækt á næstunni. Þá hafi Skjólskógar lagt áherslu á að vera alltaf með töluvert af heimaþengnu birki og frá og með árinu í ár verði eingöngu notast við heimaþenginn efnivið af gulvíði, loðvíði og reynivið. Á Kvígindisfelli í Tálknafirði er í gildi samningur um fjölnyttjaskógrækt á 70 hekturum lands.



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vestfjörðum

Ræsting

Ræstitæknir óskast hjá Hæfingarstöðinni Hvestu sem er til húsa að Aðalstræti 18 á Ísafirði. Þrifið er alla virka daga eftir lokun vinnustaðarins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 3. ágúst nk.

Umsóknum skal skilað á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Vestfjörðum, Hafnarstræti 1, Ísafirði, á eyðublöðum sem þar fást. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til 14. júlí nk. Launakjör eru samkvæmt launataxta Verkálýðsfélags Vestfirðinga.

Allar nánari upplýsingar veitir Kristjana Jónasdóttir, forstöðumaður í sínum 456 3290 og 456 5224.

Æðarbændur ath!

Móttaka æðardúns er hafin ásamt hreinsun og sölu. Hækkandi verð. Mikil eftirspurn.

Frír flutningskostnaður alls staðar af landinu. Fyrsta sending fer erlendis í júlí. Fyrstir koma fyrstir fá.

Sama gamla ódýra hreinsunargjaldið fyrir þá sem hreinsa og selja í gegnum okkur, kr. 3.500.- m/vsk pr. hreint kíló.

Margra áratuga reynsla í meðferð æðardúns.

Upplýsingar gefa Þórunn í sínum 434 1430 og 893 3460 og Hilmar í sínum 434 1588 og 893 6745.

SÆLKERI VIKUNNAR

ER FJÓLA BJARNADÓTTIR Í BOLUNGARVÍK

Eftirlætis sumarréttir

Sælkeri vikunnar að þessu sinni ætlar að deila sínum eftirlætis sumarréttum með lesendum. Fyrst ber hún á borð girnilegt skelfiskpæ og ís með appelsínu- og límónusveiflu í eftirrætt. Fjóla segir mega gera skelfiskpæið með nokkrum fyrirvara, og jafnvel frysta, og baka rétt áður en það er borið fram. Ísinn er fljótlegur, þægilegur og nauðsynlegur, að hennar sögn, þegar gesti ber að garði og sólin skín. Báðar uppskriftirnar eru ætlaðar fyrir sex.

Girnilegt skelfiskpæ

200 g sveppir
400 g humarhalar
300 g rækjur
3 msk smjör
2 tsk karrý
3 dl hvítvín (ekki sætt)
2 dl rjómi
2 msk hveiti
salt og pipar

Deig

5 dl hveiti
200 g smjörlíki
1½ msk rjómi
1½ vatn
1 egg
1 tsk salt

Best er að byrja á pædeig-



inu. Smjórið er saxað með hníf saman við hveitið og saltið. Vætið í með blöndu af vatni, rjóma og eggi. Hnoðið hratt saman og látið bíða á köldum stað.

Því næst eru sveppirnir skornir í sneiðar og humarinn í bita – brúnið í á pönnu í helmingnum af smjörinu og stráið karrý yfir. Þynnið með víni og rjóma og látið malla í nokkrar mínútur. Hrærið það sem eftir er af smjörinu saman við með hveitinu og bætið svo rækjunum saman við. Kryddið og látið kólna.

Fletjið deigið út og klæðið tertumót (28-30 cm) með helmingnum af deiginu. Pikk-ið í skelina með gaffli og hellið fyllingunni í. Penslið kantinn með eggi, leggið það sem eftir er af deigi yfir og skerið frá það sem útaf stendur. Þrýstið köntunum saman með gaffli, penslið að ofan með eggi, skreytið með deigbitum og skerið nokkrar rifur í lokið. Bakið við 200°C í 30 mín-

útur og lengur ef það er frosið. Berið fram með salati.

Ís með appelsínu- og límónusveiflu

1 appelsína
2 límónur
175 g flórsykur
½ l rjómi

Rífið börk af appelsínunni og einni límónu. Kreistið safann úr ávöxtunum og setjið í skál ásamt berki og flórsykri. Hrærið saman þar til sykurinn leysist upp í safanum. Þeytið rjómann og blandið honum varlega samana við safann. Setjið blönduna í grunnt ílát, u.þ.b. 2 l, og frystið. Gott er að láta ísinn standa í 15-20 mínútur áður en hann er borinn fram.

Ég skora á mágkonu mína, Sólveigu Sigurðardóttur, að deila með okkur sínum ljúfustu réttum.

Skóverslun Leós 100 ára

Árið 1904 hóf Leó Eyjólfsson, söðlasmiður og kaupmaður, rekstur skóverslunar í söðlaverkstæði sínu á Ísafirði. Var það upphaf Skóverslunar Leós sem hefur verið fastur hluti af tilverunni

á Ísafirði í 100 ár.

„Við erum vitanlega glöð á þessum merku tímamótum“, segir Kristján G. Jóhannsson verslunarrekandi, aðspurður um aldarafmælið. Til sýnis í versluninni eru ýmsar blaða-

greinar og auglýsingar sem greina frá rekstri Skóverslunar Leós ehf. í gegnum frá tímanna rás.

Skóverslun Leós er fjölskyldufyrirtæki.


– thelma@bb.is

> Stöð 2: 3. júlí kl. 21:25

Svikahrappurinn DiCaprio

Frank Abagnale jr. er slyngur svikahrappur sem ítrekað leikur á liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar. Frank vilar ekki fyrir sér að bregða sér ýmist í gervi flugmanns, læknis, saksóknara eða söguþrífessors. Slóð hans liggur um mörg lönd og fölsuðu ávísanirnar hrannast upp. Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio.





Vélbáturinn Gestur siglir að nýju

Vélbáturinn Gestur frá Vigur fór í siglingu um Ísafjarðardjúp á laugardag að lokinni endurbyggingu. Siglt var frá Bolungarvík til Ísafjarðar en þaðan var haldið til Súðavíkur og síðan í Vigur. Formaður í siglingunni var Guðmundur Jakobsson. Gestur var smíðaður í Bolungarvík árið 1906 af Guðmundi Sigurðssyni bátasmið fyrir séra Sigurð Stefánsson í Vigur og var þarfasti þjónn Vigurbænda til ársins 1980. Auk fiskveiða var Gestur nýttur til allra þarfa og starfa hvort sem það voru að-

drættir fyrir Vigurbúið, fólksflutningar eða fjárflutningar.

Í samsæti í Vigur afhenti Guðmundur Óli Kristinsson, einn þeirra sem endurbyggðu skipið, Jóni Sigurpálssyni, forstöðumanni Byggðasafns Vestfjarða, stýrissveif bátsins til staðfestingar á því að endurbyggingu hans væri lokið. Að sögn Heimis Hanssonar, hjá Byggðasafni Vestfjarða, verður Gestur hafður til sýnis á floti við Sjóminjasafnið í Neðstakaupstað á Ísafirði og í heimahöfn sinni í Vigur. Auk þess er stefnt að því að hægt

verði að bjóða safngestum upp á stuttar siglingar.

Baldur Bjarnason, frá Vigur, afhenti Byggðasafni Vestfjarða Gest til varðveislu árið 1988 og árið 2002 ákvað safnið að minnast 100 ára afmælis vélvæðingar bátaflotans með því að ráðast í umfangsmiklar endurbætur á bátum en hann hafði þá staðið á þurru landi í fjórtán ár. Til verksins völdust hagleiksmennirnir Ragnar Jakobsson, Guðmundur Óli Kristinsson og Guðmundur Jakobsson.

– hj@bb.is



Gestur frá Vigur kemur til heimahafnar. Myndir: Þorsteinn J. Tómasson.



Í Súðavík kom Guðjón Arnar Kristjánsson skipstjóri og alþingismaður um borð og skoðaði Gest. Ásamt honum og Guðmundi Jakobssyni formanni er Már Óskarsson á Ísafirði á myndinni.

Hafnaryfirvöld í Ísafjarðarbæ

Fá samþykki fyrir öryggi hafnarinnar

Hafnaryfirvöld í Ísafjarðarbæ hafa fengið samþykkt áhættumat varðandi öryggi í Ísafjarðarhöfn, vegna Siglingaverndarlaga sem taka gildi 1. júlí. Þá verða kröfur um öryggi á höfnum hertar til muna. „Almenningur mun ekki verða var við auknar öryggiskröfur fyrir utan að hafnararsvæðið verður lokað þegar skip af ákveðinni stærð og gerð

eru í landi“, segir Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar. Guðmundur gat ekki gefið upp hvað felst í áhættumatinu né hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar ef hryðjuverk væru yfirvofandi því það er trúnaðarmál.

Hafnirnar sjá um framkvæmd hafnaverndar í samræmi við samþykktu verndar-áætlun í samvinnu við þjón-

ustuaðila og aðra þá aðila sem verndaráætlunina varðar, svo sem lögreglu, tollayfirvöld og Landhelgisgæslu, og hefur Siglingastofnun Íslands staðfest að verndaráætlun Ísafjarðarhafnar sé fullgild, að sögn Guðmundar.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 samþykkti Alþjóðasiglingamálastofnunin, á fundi sínum í nóvember sama ár að gera sérstakt átak að því er varðar fyrirbyggjandi ráðstafanir til að hindra ógnir og hryðjuverk. Ráðstafanir þessar kallast einu nafni siglingavernd og lúta annars vegar að ráðstöfunum um borð í skipum sem sigla milli landa og hins vegar að höfnum sem þjóna slíkum skipum. – thelma@bb.is



Gullbergið kemur til löndunar í Bolungarvík

Fyrsta sumarloðnan til Bolungarvíkur

Fyrsti loðnufarmurinn á sumarvertíðinni kom til fiskimjölsverksmiðjunnar Gnár hf. í Bolungarvík um hádegisbil á föstudag. Afliinn kom af Gullbergi VE sem fékk um 1.200

tonn djúpt norð norðaustur af Horni. Eyjólfur Guðjónsson, skipstjórinn á Gullbergi sagði í samtali við RÚV að mikið líf væri á svæðinu úti fyrir Vestfjörðum en erfitt að mæla

loðnuna. Fyrsta loðnan sem kom til Bolungarvíkur á sumarvertíðinni í fyrra var landað þar 27. júní en engin loðna kom til bræðslu í Víkinni á síðustu vetrarvertíð.

Rafn Jónsson látinn

Tónlistarmaðurinn Rafn Jónsson lést á heimili sínu í Hafnarfirði á sunnudag eftir langvinn veikindi. Rafn fæddist árið 1954 á Suðureyri við Súgandafjörð.

Á tónlistarferli sínum lék hann meðal annars með hljómsveitunum ÝR, Grafík, Haukum, Sálinni hans Jóns míns og Bítlavinafé-



Rafn Jónsson.

laginu, en hann gaf auk þess út nokkrar sólóplötur. Rafn greindist með MND- sjúkdóminn fyrir sextán árum og tókst hann á við sjúkdóm sinn af miklu æðruleysi.

Eftirlifandi eiginkona hans er Friðgerður Guðmundsdóttir og eiga þau saman þrjú börn en Rafn átti fyrir eina dóttur.

Ný númer

Húsasmiðjan Ísafirði hefur tekið í notkun ný númer.

Aðalnúmer	450 3300
Timbursala	450 3302
Fax verslun	450 3301
Fax timbursölu	450 3303



HÚSASMIDJAN
Sími 450 3300 • www.husasmidjan.is